

Fjölbrautaskóli Suðurlands á Selfossi

# Ársskýrsla

## 2013 til 2014

tekin saman af sviðsstjórum

Björgvin E. Björgvinsson  
Ægir Sigurðsson

## Efnisyfirlit

|       |  |    |
|-------|--|----|
| 1     | Starfið veturinn 2013-2014 .....                                       | 4  |
| 1.1   | Inngangur .....  | 4  |
| 1.2   | Tölulegar upplýsingar .....  | 6  |
| 1.3   | Fundir, námskeið og fyrirlestrar .....                                 | 12 |
| 1.3.1 | Stiklur úr skólastarfinu.....  | 13 |
| 2     | Skýrslur kennslustjóra og fagstjóra .....                              | 18 |
| 2.1   | Svið: Tungumál, samfélagsgreinar og lífsleikni.....                    | 18 |
| 2.1.1 | Enska.....   | 18 |
| 2.1.2 | Íslenska .....   | 21 |
| 2.1.3 | Íslenska sem annað mál (ÍSA) .....                                     | 28 |
| 2.1.4 | Lífsleikni .....   | 30 |
| 2.1.5 | Samfélagsgreinar .....   | 32 |
| 2.1.6 | Starfsbraut .....  | 36 |
| 2.1.7 | Tungumál önnur en enska .....  | 39 |
| 2.2   | Svið: Stærðfræði, raungreinar, starfsmenntir, listir og íþróttir ..... | 45 |
| 2.2.1 | Hestamennska .....   | 45 |
| 2.2.2 | Listgreinar, hústjórnargreinar og íþróttir.....                        | 47 |
| 2.2.3 | Raungreinar .....  | 54 |
| 2.2.4 | Starfsnám (viðskipta-, sjúkraliða- og upplýsingagreinar.) .....        | 56 |
| 2.2.5 | Stærðfræði.....  | 59 |
| 2.2.6 | Verknám .....  | 63 |

## Skólameistari

Olga Lía Garðarsdóttir

## Aðstoðarskólameistari

Þórarinn Ingólfsson

## Áfangastjóri

Ása Nanna Mikkelsen

## Námsferilsstjóri

Ragnheiður Ísaksdóttir

## Sviðsstjórar

Björgvin E. Björgvinsson  
Ægir Sigurðsson

Tungumál, samfélagsgreinar og lífsleikni  
Stærðfræði, raungreinar, starfsmenntir, listir  
og íþróttir

## Kennslustjórar

Eyrún Björg Magnúsdóttir  
Guðríður Egilsdóttir  
Gísli Skúlason  
Hörður Ásgeirsson  
Ingi S. Ingason  
Íris Þórðardóttir  
Kristjana Hrund Bárðardóttir  
Ólafur Bjarnason  
Ronald B. Guðnason  
Svanur Ingvarsson  
Vera Ósk Valgarðsdóttir

Samfélagsgreinar  
Listgreinar, hússtjórnargreinar og íþróttir  
Íslenska  
Sérkennsla  
Litla-Hraun, Sogn  
Starfsnám (viðsk.gr-, sjúkral.gr.- og uppl.gr)  
Enska  
Stærðfræði  
Raungreinar  
Verknám  
Erlend mál, önnur en enska

## Verkefnisstjórar/fagstjórar

Elísabet Valtýsdóttir  
Elín Una Jónsdóttir  
Gísli Skúlason  
Guðfinna Gunnarsdóttir  
Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir  
Sigríður Pjetursdóttir  
Svanur Ingvarsson  
Sverrir Geir Ingibjartsson

Danska  
Nemendur með annað móðurmál en íslensku  
Lífsleikni  
Skólinn í okkar höndum  
Nemendur með annað móðurmál en íslensku  
Hestamennska  
Skólinn í okkar höndum  
Íþróttir

## Náms- og starfsráðgjafar

Álfhildur Eiríksdóttir  
Bjarney Sif Ægisdóttir  
Guðrún Birna Kjartansdóttir

## Sjálfsmatshópur

Björgvin E. Björgvinsson  
Málfríður Garðarsdóttir  
Þórarinn Ingólfsson (formaður)

## Alþjóðafulltrúi

Lárus Ágúst Bragason

## Jafnréttisfulltrúi

Ragnheiður Eiríksdóttir

## Félagslífs- og fornvarnafulltrúi

Málfríður Garðarsdóttir

## Fréttastjóri heimasíðu

Guðfinna Gunnarsdóttir

# 1 Starfið veturinn 2013-2014

## 1.1 Inngangur

Þann 28. maí síðastliðinn lauk þrítugasta og öðru starfsári Fjölbrautaskóla Suðurlands. Eins og áður var þetta skólaár vaxtamikið og viðburðarríkt. Í ársskýrsluna hefur verið safnað ýmsum gagnlegum upplýsingum um skólann og skólastarfið. Hér er m.a. að finna tölulegar upplýsingar, umfjöllun um innlend og erlend samskipti og helstu verkefni sem skólinn vinnur að. Raktir eru helstu atburðir og uppákomur á skólaárinu. Gerð er grein fyrir námskeiðum sem haldin hafa verið af og með kennurum skólans og sagt frá heimsóknum, fræðsluerindum og málþingum sem starfsmenn hafa setið. Í skýrslunni tíunda kennarar, fagstjórar og kennslustjórar upplýsingar um áfanga sem kenndir voru á skólaárinu, hvaða kennarar kenndu, nýjungar í kennsluháttum, námsmat og fleira. Þar er einnig lagt mat á nýjungar, settar fram tillögur um frekari nýjungar, bent á hvað vel er gert og hvað betur má fara.

Skýrslur alþjóðafulltrúa, bókasafns, félagsmála- og forvarnafulltrúa, náms- og starfsráðgjafa, Litla-Hrauns og Sogns, sjálfsmats, verkefnisins Skólinn í okkar höndum og tölvuþjónustunnar eru og hér innanborðs og allar eru skýrslurnar aðgengilegar á vef skólans.

Fimmtudaginn 22. ágúst var umsjónarkennarafundur klukkan 8:30. Nýnemadagur var þennan sama fimmtudag, þeir mættu klukkan 9:00 stundvíslega og fengu kynningu á hinu nýja starfsumhverfi, aðbúnaði, tölvukerfi, bókasafni, náms- og starfsráðgjöf og fleiru sem huga þarf að þegar komið er á nýjan vinnustað. Klukkan 14:00 var fyrsti kennarafundur skólaársins. Þar var farið yfir skipulag fyrstu dagana og línur lagðar fyrir önnina. Milli klukkan 15:00 og 16:00 hlýddu kennarar svo á fyrirlestur Önnu Jónu Guðmundsdóttur um jákvæða sálfræði. Klukkan 16:00 funduðu skólastjórnendur loks með nýjum kennurum þar sem farið var m.a. yfir ýmis kerfisleg mál.

Föstudaginn 23. ágúst undirbjuggu kennarar kennslu annarinnar, uppfærðu tölvur og möndluðu við Moodle. Klukkan 9:00 var nemendum boðið upp á töflubreytingar og aðstoðuðu áfangastjórar, sviðsstjórar, náms- og starfsráðgjafar og verkefnisstjóri SKOH nemendur við þær.

Mánudagurinn 26. ágúst hófst með skólasetningu klukkan 8:15 og fyrsta kennslustund annarinnar samkvæmt stundaskrá klukkan 8:45 þann dag. Haustfrí var gefið dagana 18. og 21. október. Dimission var föstudaginn 29. nóvember en það var jafnframt síðasti kennsludagur haustannar. Fyrsti prófdagur annarinnar var mánudaginn 2. desember og sá síðasti miðvikudagurinn 11. desember. Sjúkrapróf voru haldin fimmtudaginn 12. desember og prófsýning þriðjudaginn 17. sama mánaðar. Starfsmannafundur var haldinn miðvikudaginn 18. desember

Í upphafi haustannar voru 977 nemendur skráðir til náms við skólann og fór brautskráning fram föstudaginn 20. desember. Alls brautskráði skólinn 96 nemendur að þessu sinni, þar af 68 af stúdentsbrautum.

Við brautskráningu í desember 2013 voru veittar viðurkenningar fyrir góðan námsárangur. Gísli Þór Axelsson hlaut viðurkenningu fyrir frábæran námsárangur í íslensku, þýsku, stærðfræði og náttúrufræði. Gísli hlaut einnig viðurkenningu fyrir bestan heildarárangur í námi.

Lovísa Hansen Daðadóttir hlaut viðurkenningu fyrir framúrskarandi námsárangur í spænsku, ástundun, áhuga og mjög góðan árangur í frönsku og ágætan árangur í dönsku. Steinar Sigurjónsson fékk viðurkenningu fyrir frábæran námsárangur í heimspeki. Jón Aron Lundberg fékk viðurkenningu fyrir góðan árangur í tölvufræði og Vala Rún Valtýsdóttir hlaut viðurkenningu fyrir framúrskarandi námsárangur í efnafræði.

Á vorönn hófst skólastarfið mánudaginn 6. janúar klukkan 9:00 með því að nemendur sem töldu sig þurfa að breyta töflunum sínum komu töflubreytingar. Klukkan 10:00 voru samráðsfundir kennara og kennarafundur klukkan 13:00. Kennsla hófst samkvæmt stundaskrá þriðjudaginn 7. janúar. *Kátir dagar* voru 26. og 27. febrúar og *Flóafár* föstudaginn 28. febrúar. Vorfrí var tekið föstudaginn 14. mars og í kjölfar þess, eða frá mánudegi 17. mars til 4. apríl, voru kennarar skólans í verkfalli. Kennsla að verkfalli loknu hófst mánudaginn 7. apríl. Af þessum sökum röskuðust tímasetningar nokkuð og var kennt fram í maímánuð. Dimission var föstudaginn 9. maí og var sá dagur jafnframt síðasti kennsludagur annarinnar. Fyrsti prófdagur vorannar var mánudagurinn 12. maí og sá síðasti mánudagurinn 19. maí. Sjúkrapróf voru haldin þriðjudaginn 20. maí og vegna prófklemmu voru nokkrir nemendur í prófum miðvikudaginn 21. maí. Prófsýning fór fram föstudaginn 23. maí milli klukkan 12:30 og 14:00.

Í upphafi vorannar var 871 nemandi skráður til náms. Brautskráning fór fram miðvikudaginn 28. maí. Alls brautskráðust 108 nemendur frá skólanum af ýmsum brautum, þar af 55 af stúdentsbrautum, 5 húsasmiðir og 6 nemendur luku prófi í vélvirkjun.

Dúx Fjölbrautaskóla Suðurlands á vorönn 2014 var Esther Hallsdóttir. Hún brautskráðist af náttúrufræðibraut með meðaleinkunnina 9,52. Hún hlaut viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur í raungreinum. Esther hlaut að auki viðurkenningu frá Hollvarðasamtökum FSu ásamt þeim Ólöfu Björk Sigurðardóttur og Sigrúnu Jónsdóttur. Ólöf Björk hlaut að auki viðurkenningar fyrir framúrskarandi árangur í þýsku, dönsku, spænsku og íslensku og góðan heildarárangur í tungumálum. Sigrún hlaut viðurkenningar fyrir frábæran árangur í ensku, eljusemi og dugnað í fimleikaakademíu og frábæran árangur í stærðfræði og eðlisfræði.

Dagana 27. - 29. maí var fyrirhugað að fara í starfsmannaferð til Finnlands og Eistlands en sökum óvissu í verkfallinu varð að fresta henni. Gert er ráð fyrir að ferðin verði farin næsta vor.

## 1.2 Tölulegar upplýsingar

Þann 20. júní 2013 voru sendir út gíróseðlar vegna dagskóla. Upplýsingar um aldur, kyn, brautir og þess háttar miðast því við 977 nemendur í dagskóla í upphafi annar. Engin kennsla var í meistaraskóla á önninni. Nýinnritaðir í dagskóla á haustönn voru 273.

Þann 11. desember 2013 voru sendir út gíróseðlar vegna dagskóla vorannar. Greiddir gíróseðlar voru 871. Upplýsingar um aldur, kyn, brautir og þess háttar miðast því við 871 nemendur í dagskóla í upphafi annar. Engin kennsla var í meistaraskóla á önninni. Nýinnritaðir í dagskóla á vorönn voru 32.

Í töflu 1 má sjá dreifingu dagskólanemenda á brautir haustið 2013

Tafla 1. Dreifing dagskólanemenda á brautir


| Brautir          | Nemenda-<br>fjöldi | Hlutfall af<br>heild (%) | Karlar     | Konur      |
|------------------|--------------------|--------------------------|------------|------------|
| AB               | 22                 | 2,17 %                   | 11         | 11         |
| AH               | 5                  | 0,49 %                   | 1          | 4          |
| AN4              | 48                 | 4,73 %                   | 27         | 21         |
| AU               | 65                 | 6,40 %                   | 36         | 29         |
| FÉ               | 195                | 19,21 %                  | 78         | 117        |
| GB               | 41                 | 4,04 %                   | 39         | 2          |
| GBM              | 23                 | 2,27 %                   | 23         | 0          |
| GR               | 23                 | 2,27 %                   | 21         | 2          |
| HE               | 37                 | 3,64 %                   | 12         | 25         |
| HÚ8              | 19                 | 1,87 %                   | 19         | 0          |
| ÍP               | 36                 | 3,54 %                   | 30         | 6          |
| ÍP1              | 3                  | 0,30 %                   | 3          | 0          |
| LN1              | 37                 | 3,64 %                   | 9          | 28         |
| MB               | 47                 | 4,63 %                   | 11         | 36         |
| MG               | 8                  | 0,79 %                   | 8          | 0          |
| NÁ               | 250                | 24,63 %                  | 113        | 137        |
| ÓTN              | 30                 | 2,96 %                   | 11         | 19         |
| SB               | 19                 | 1,87 %                   | 17         | 2          |
| SB1              | 22                 | 2,17 %                   | 19         | 3          |
| SJ               | 27                 | 2,66 %                   | 0          | 27         |
| SÖ9              | 1                  | 0,10 %                   | 1          | 0          |
| VH               | 46                 | 4,53 %                   | 27         | 19         |
| VS8              | 3                  | 0,30 %                   | 3          | 0          |
| VSS              | 8                  | 0,79 %                   | 7          | 1          |
| <b>Samtals *</b> | <b>1.015</b>       | <b>100,00 %</b>          | <b>526</b> | <b>489</b> |

\* Ath. sumir nemendur eru skráðir á fleiri en eina braut

Tafla 2. Aldursdreifing nýinnritaðra skólaárið 2013-14


| Aldur                | Fjöldi H'13 | Fjöldi V'14 |
|----------------------|-------------|-------------|
| Yngri en 16 ára      | 3           | 11          |
| 16 ára (fæddir 1996) | 213         | 11          |
| 17 ára (fæddir 1995) | 15          | 4           |
| Eldri en 17 ára      | 42          | 6           |
| Samtals              | 273         | 32          |

Á mynd 1 má sjá kynjaskipta dreifingu nemenda innan stúdentsbrauta. Á haustönn 2013 voru konur fleiri en karlar á öllum stúdentsbrautum.



Mynd 1: Dreifing nemenda innan stúdentsbrauta haustið 2013


Mynd 2 sýnir brautaskiptingu allra nemenda á haustönn 2013. Flestir nemendur í skólanum eru á stúdentsbrautum.



Mynd 2: Brautaskipting á haustönn 2013

Mikilvægt er að stunda námið vel til að ná góðum árangri, auk þess er skólasóknareinkunn metin inn í lokaekunn nokkurra áfanga. Skólasóknareinkunnir veturinn 2013-2014 eru svipaðar og síðustu ára. Til að fá einkunnina 10 í skólasókn þarf nemandi að hafa mætingahlutfall 98,5-100%, en 1 fá þeir í einkunn sem eru með undir 89,5% mætingahlutfalli.


Mynd 3 sýnir dreifingu skólasóknareinkunna veturinn 2013-14.




Mynd 3: Dreifing skólasóknareinkunna, veturinn 2013-14



Þegar gengi nemenda er skoðað er vert að athuga hvað nemendur ætla sér í byrjun annar og hver verður síðan reyndin. Mynd 4a sýnir fjölda eininga sem nemendur velja að hausti 2013 og 4b sýnir fjölda staðinna eininga að hausti 2013.



Mynd 4a: Fjöldi valinna eininga á haustönn 2013




Mynd 4b: Fjöldi staðinna eininga á haustönn 2013.


Á haustönn 2013 luku 69 einstaklingar 0 einingum en þar af höfðu 55 hætt á önninni. Fjórtán nemendur þreyttu próf en luku engri einingu.

Á haustönn 2013 voru 977 nemendur í skólanum og 513 þeirra eða um 52% féllu í einum eða fleiri áföngum. Á haustönn 2012 var hlutfallið um 54% og sömuleiðis á haustönn 2011.

Mynd 5a sýnir í hversu mörgum áföngum nemendur falla. Langflestir nemendur sem falla, gera það einungis í einum áfanga. Fjöldi þeirra sem falla í þremur eða fleiri áföngum er um 20%.




Mynd 5a: Fjöldi áfanga sem nemendur féllu í veturinn 2012-13.



Mynd 5b: Fjöldi áfanga sem nemendur féllu í veturinn 2013-14 (hlutfall af heildarfjölda nemenda)

Einkunnadreifing gefur vísbendingu um stöðu nemenda og hvernig kennarar nota einkunnaskalann. Á mynd 6 má sjá einkunnadreifinguna yfir veturinn. S stendur fyrir staðið, L fyrir lokið og F stendur fyrir fallið. Dreifingin er mjög sambærileg einkunnadreifingu síðustu ára.



Mynd 6: Einkunnadreifing veturinn 2013-14 í dagskóla.

### 1.3 Fundir, námskeið og fyrirlestrar

Einn fundartími er fastur í töflu allra kennara. Sá tími var á haustönn alla miðvikudaga milli 11:05 og 12:20. Á vorönn 2014 voru umsjónartímar nemenda færðir af þriðjudögum yfir á miðvikudaga. Fundartíminn var stytur í 50 mínútur og hófst hann klukkan 10:10 og stóð til 11:00. Fundartímarnir eru nýttir með fjölbreytilegum hætti s.s. til fundahalda, námskeiða og fyrir fyrirlestra af ýmsum toga. Dagskrá fundanna er skipulögð á Áttufundum í upphafi hverrar annar og var hún, skólaárið 2013 til 2014, sem hér greinir.

#### Miðvikudagaról haust 2013

- 28.08. Samráð í fögum.
- 04.09. Samráð í fögum.
- 11.09. Aðalfundur kennarafélagsins.
- 18.09. Kennarafundur.
- 25.09. Samráð í fögum – IÐAN með kynningu fyrir nemendur
- 02.10. Skólinn í okkar höndum. – Geðrækt.
- 09.10. Kennarafundur.
- 16.10. Valdagur.
- 23.10. Kennarafélagið - Erindreki FF
- 30.10. Sjálfsmat.
- 06.11. Fagráð.
- 13.11. Samráð í fögum.
- 20.11. Samráð í fögum.
- 27.11. Kennarafundur.

#### Miðvikudagaról vor 2014

- 08.01. Samráð í fögum.
- 15.01. Samráð í fögum.
- 22.01. Fyrirlestur um algengustu námsörðugleika nemenda og úrræði.
- 29.01. Kennarafundur.
- 05.02. Skólinn í okkar höndum.
- 12.02. Samráð í fögum.
- 19.02. Kennarafundur.
- 26.02. Kennarafélagið.
- 05.03. Sjálfsmat.
- 12.03. Valdagur.
- 19.03. Verkfall.
- 26.03. Verkfall.
- 02.04. Verkfall.
- 09.04. Samráð í fögum.
- 16.04. Páskafrí.
- 23.04. Samráð í fögum.
- 30.04. Kennarafundur.
- 07.05. Samráð í fögum.

### ***1.3.1 Stíklur úr skólastarfinu***

#### **Fjallganga - Ljóð Gylfa Þorkelssonar**

Í tilefni af 30 ára afmæli Fjölbautaskóla Suðurlands, þann 13. september 2011, orti Gylfi Þorkelsson íslenskukennari ljóðið Fjallganga. Því hefur nú verið fundinn góður staður við hátíðarsal skólans. Í ljóðinu horfir ljóðmælandinn yfir „Suðurfjórðung“ og setur skólann okkar af alúð inn í hlýja en máttuga mynd. Þar stendur hann svo með útbreiddan faðm í kraftmikilli náttúru og knáu samfélagi manna.

#### **Fjallganga**

Hér yfir vakir Ingólfsfjall  
með urðarskriður, hamrastall  
og lyng og tæra lind.  
Á efstu brúnum orðlaus finn,  
að á ég hafið, jökulinn  
og háan Heklutind.

Við hraunið sveigir Ölfusá  
með iðuköstum, flóðavá  
og góða laxagengd.  
Þó brúin tákni mannsins mátt  
þá mótar áin stórt og smátt,  
vort líf í bráð og lengd.

Get Suðurfjórðung faðmað hér,  
á flug með hröfnum kominn er,  
ef tylli mér á tær,  
um sögufrægar sýslur þrjár  
með sanda, hverri, jökulár  
og byggðarbólin kær.

Nú grípur augað glæsihöll,  
við gula litinn þekkjum öll,  
þar fjöldinn allur fær  
að þroska bæði hug og hönd  
og hnýta lífsins vinabönd.  
Þar héraðshjartað slær.

#### **Opið hús**

Fimmtudaginn 23. janúar var Opið hús í FSu. Þá voru kennslustofur opnar fyrir gestum og gangandi og hægt að fylgjast því fjölbreytta og spennandi starfi sem fram fer í skólanum.

#### **Gettu betur**

Lið FSu tók þátt í Gettu betur en náði ekki inn í sjónvarpsútsendingu að þessu sinni. Liðið var skipað þeim Hrafnhildi Hallgrímsdóttur, Boga Pétri Thorarensen og Ingibjörgu Hjörleifs-dóttur. Liðsstjóri var sem fyrr Hannes Stefánsson.

## **Morfís**

FSu tók í fyrsta sinn þátt í Morfís og komst í átta liða úrslit. Fyrir FSu kepptu Jóna Guðbjörg Guðmundsdóttir, Ragnheiður Inga Sigurgeirsdóttir, Esther Hallsdóttir og Magnús Ágúst Magnússon. Þjálfari liðsins var Jóhannes Bjarki Urbancic.

## **Boxið**

Nemendur frá FSu tóku þátt í keppni sem nefnist Boxið, framkvæmdakeppni framhaldsskólanna. Keppnin var haldin var í Háskólanum í Reykjavík í nóvember 2013 og var gerður sjónvarpsþáttur um hana sem sýndur var 9. janúar. Þar kepptu 8 framhaldsskólar til úrslita en 18 lið tóku þátt í forkeppninni. Boxið er skemmtilegur vettvangur fyrir framhaldsskólanema til að reyna á hug- og verkvit af ýmsum toga. Liði FSu gekk vel í keppninni og hafnaði það í 3. sæti.

## **Árshátíð**

Rómantíkin var við völd í skólanum á Valentínsuardegi 14. febrúar. Mátti sjá starfsfólk klætt rauðum fötum í af því tilefni. Gjörningur sem vakti athygli nemenda, en nemendur hafa einnig verið á rómantískum nótum í vikunni, þar sem leynivínávika hefur verið í gangi. Nemendur voru líka upp á búnir þar sem árshátíð nemendafélagsins var haldin að kveldi. Árshátíðin fór að þessu sinni fram í Hveragerði á Hótel Örk. Þar var dagskráin fjölbreytt. Steindi og Auðunn Blöndal voru veislustjórar og Stuðlabandið lék fyrir dansi.

## **CNC rennibekkur**

Kristján B. Ómarsson uppfinningarmaður frá Grund afhenti skólanum góða viðbót við tækjakost verknáms, svokallaðan CNC rennibekk. Fyrir þá sem ekki vita þá stendur CNC fyrir tölvustýrðar iðnvélar. Rennibekkurinn vinnur sjálfvirkt eftir fyrirframgerðu NC forriti sem nemendur forrita. Skólinn keypti og tók í notkun hermi sem sýnir raunverulega hvernig CNC rennibekkur, fræsari, beygjuvél, vinna en með því geta nemendur prufukeyrt forritin áður en þau eru sett í vélnar.

## **Föstudagsfjör**

Bryddað var upp á þeirri nýbreytni að kalla alla nemendur og starfsfólk á fund í sal skólans. Þar hélt skólameistari stutta tölu um skólann og þá fjölbreyttu hæfileika sem nemendur og starfsfólk búa yfir. Því næstu voru Boxlið og Gettu betur lið skólans kölluð upp og þeirra árangri fangað sérstaklega. Að því loknu steig aðstoðarskólameistari á stökk og framkvæmdi hljóðgjörning með nemendum og stýrði fjöldasöng. Hugmyndina að föstudagsfjörinu er komin frá Fríðu Hansen, nemandi við skólann og vonandi verða viðburðir sem þessi fastir liðir í dagskrá skólans.

## **Kátir dagar**

Miðvikudaginn 26. febrúar hófust Kátir dagar í FSu. Þá var hefðbundið skólastarf brotið upp og nemendum gafst tækifæri til að kynna sér allskyns fróðleg og spennandi verkefni, þrautir og fyrirlestra. Að þessu sinni fengu nemendur vegabréf sem þeir þurftu að framvísa inn á viðburðina og fá stimpil til að fá mætingu gilda. Undirbúningur hefur verið á herðum Kátu daga nefndar sem skipuð er bæði nemendum og kennurum.

## **Vetrarleikar í hestamennslu**

Vetrarleikar FSu 2014 fóru fram á Brávöllum miðvikudaginn 26. febrúar. Glæsilegir sigurvegarar mótsins voru þeir Róbert Bergmann og Hljómur frá Eystra-Fróðholti. Fast á hæla þeirra voru Hrafnhildur Magnúsdóttir og Eivör frá Blesastöðum. Hrafnhildur hlaut einnig reiðmennskuverðlaun fyrir góða og þrúða reiðmennsku, falletta ábreiðu sem

hestavöruverslunin Baldvin og Þorvaldur gáfu. Nemendur hestabrautar hafa haldið þetta skemmtilega mót árlega í sambandi við Káta daga í skólanum, fyrir alla nemendur FSu. Þátttaka á mótinu er einnig reiðmennskuverkefni hjá nemendum á 4. önn hestabrautar. Mótið er töltmót með vetraleika fyrirkomulagi, þar er sýnt hægt- og fegurðatölt. Hestamannafélagið Sleipnir lánaði nemendum völlinn, en það hefur stutt við mótið með þessum hætti frá upphafi. Dómarar á mótinu voru þær Elsa Magnúsdóttir íþróttadómari, reiðkennari og hrossabóndi á Sólvangi og Torunn Hjelmvik reiðkennari og tamningamaður á Skálatjörn í Flóanum. Verarleikar\_FSu\_2014\_140

Dómarar á mótinu voru þær Elsa Magnúsdóttir íþróttadómari, reiðkennari og hrossabóndi á Sólvangi og Torunn Hjelmvik reiðkennari og tamningamaður á Skálatjörn í Flóanum.

### Úrslit

1. Róbert Bergmann og Hjómur frá Eystra-Fróðholti
2. Hrafnhildur Magnúsdóttir og Eivör frá Blesastöðum
3. Eggert Helgason og Stúfur frá Kjarri
4. Friða Hansen og Nös frá Leirubakka
5. Sólrún Einarsdóttir og Élhríma frá Háabæ
6. Finnbogi Eyjólfsson og Orka frá Bólstað
7. Dórothea Ármann og Bergþóra frá Friðheimum
8. Eygló Arna Guðnadóttir og Iðja frá Þúfu
9. Gunnlaugur Bjarnason og Flögri frá Kjarnholtum

### Flóafár

Lið Herkúlesar sigraði hið árvissa Flóafár sem fór fram föstudaginn 28. febrúar. Í Flóafári keppa lið undir stjórn nemenda í þrautum sem starfsmenn skólans útbúa. Keppt er um stig fyrir þrautarlausnir og að klára á góðum tíma. Mikill metnaður var hjá öllum liðum að vera með flottan heildarsvip, útbúa sitt svæði, halda góðum liðsanda, semja skemmtiatriði og skipuleggja sig vel. Fimm lið tóku þátt að þessu sinni, hvert með sinn einstaka stíl, Herkúles, Team rock it, BMS (Blue Mountain State), Lion King og Mexicano. Sem fyrr sagði sigraði lið Herkúlesar, en í 2. sæti varð liðið BMS. Veittar voru sérstakar viðurkenningar fyrir ákveðin atriði: Lið Mexicano sigraði í borðalagningu, besta herópið átti liðið Team rock it, besta svæðið átti liðið BMS, bestan heildarsvip hafði lið Herkúlesar og lið Lion King var með besta skemmtiatriðið.

### Þórþing

Sagnaþing til heiðurs Þór Vigfússyni fyrrum skólameistara Fjölbrautaskóla Suðurlands, var haldið sunnudaginn 6. apríl. Þingið hófst formlega kl. 14:00 með því að hringt var gömlu skólabjöllu Iðnskólans. Helstu atriði sagnaþingsins voru: Drengurinn Þór - Jón Özur Snorrason stýrði, Þór í Þýskalandi - Tryggvi Sigurbjörnsson sagði frá Þýskalandsárunum, Ohne hinzusehen - Hannes Stefánsson rifjaði upp sögur frá Laugarvatni. Mósaík - nemendur úr MT og MS fluttu minningabrot. Þingið var vel sótt og tókst með mestu ágætum.

### Framhaldsskólakynning í Kórnum

Dagana 6. – 8. mars var haldin framhaldsskólakynning og Íslandsmót í iðn- og verkgreinum í Kórnum í Kópavogi. Um 30 framhaldsskólar kynntu námið sem þeir bjóða upp á og fjölmenntu nemendur í grunnskóla á kynninguna til að skoða kosti þeirra og námsframboð. FSu básinn var gulur og geislandi.

### **Glæsilegur árangur í eðlisfræði**

Undankeppnin í eðlisfræði var haldin í framhaldsskólum landsins í byrjun febrúar. U.þ.b.140 nemendur víðsvegar um land tóku þátt, þar af 6 nemendur úr FSu. Af þessum 140 nemendum var síðan 14 stigahæstu nemendum boðið að taka þátt í úrslitakeppninni og fengu þeir einnig bókaverðlaun fyrir góðan árangur í undankeppninni. Ívar Örn Kristjánsson komst áfram í þessi úrslit. Helgina 15. og 16. mars voru úrslit eðlisfræðikeppinnar haldin í Háskóla Íslands. Ívar sagði þessi keppni vera „feikilega skemmtilega og var frábær heiður að vera valinn úr 140 manna hópi til þess að taka þátt“

### **Háskóladagurinn í FSu**

Háskóladagurinn var haldinn einn fimmtudaginn í mars. Þar kynnti m.a. Fashion Academy Reykjavík nám í snyrtifræði og Háskólinn í Norður-Þrándalögum í Noregi var með kynningu á námi í margmiðlunartækni og tölvuleikjahönnun.

### **Verkfall**

Verkfall kennara og stjórnenda í KÍ hófst mánudaginn 17. mars og stóð til 6. apríl. Kennsla hófst aftur mánudaginn 7. apríl og til að vinna upp það sem tapaðist var kennt til 9. maí.

### **Iðntölva og hraðabreytir**

Undir vor barst skólanum góð. Guðmundi Smári Jónsson, fyrir hönd fyrirtækisins Ískraft, afhenti Þórarni Ingólfssyni aðstoðarskólameistari iðntölvu og hraðabreyti sem nýtast mun vel við kennslu í grunndeild rafiðna.

### **Sameiginlegir tónleikar kóra FSu og ML**

Kór Fjölbrautaskóla Suðurlands hélt afar vel heppnaða tónleika sunnudaginn 4. maí í Selfoskirkju ásamt kór Menntaskólans að Laugarvatni. Tónleikarnir voru fjölbreyttir og skemmtilegir og skólunum til mikils sóma. Húsfyllir var á tónleikunum og tónleikagestir ánægðir og hrósuðu okkar ungu listamönnum í hástert.

### **Jarðfræðiferð til Póllands**

Þann 6. apríl hélt lítil hópur nemenda og tveir kennarar til Póllands í boði Comeniusar-áætlunarinnar. Verkefnið sem FSu tók þátt í heitir Let stones speak og var unnið í samvinnu við skóla frá Frakklandi, Ítalíu, Litháen, Póllandi, Slovakiu og Spáni. Tilgangur verkefnisins var að vinna með jarðfræði og steina á hverjum þessara stað, læra hvernig þeir verða til og hvernig þeir mótast.

Fjórir nemendur fóru í ferðina, þau Daníel Jón Ómarsson, Sindri Rúnarsson, Bergþóra Rúnarsdóttir og Margrét Rún Símonardóttir auk fulltrúa kennara sem voru Málfríður Garðarsdóttir og Úlfur Björnsson. Flogið var til Wrocław í Póllandi og þaðan tók við löng rútuferð til Karpacz með stuttu stoppi í smábæ sem bar nafnið Swidnica. Þar var gerður stuttur stans hjá The Church of Peace sem er elsta viðarkirkja í Evrópu. Leiðin lá síðan til Karpacz þar sem gist var í 4 nætur á Hotel Agat. Farið var í margar gönguferðir þar sem m.a. var stúderað hvernig granít og agat verður til, útbrunnin eldfjöll voru skoðuð og pólsk menning.

### **Stubbaknús í hús**

Föstudaginn 9. maí fylltist skólinn af syngjandi rauðum, grænum, fjólubláum og gulum Stubbum. Þar voru á ferð dimmitantar vorannar. Stubbarnir stigu dans og sungu fyrir nemendur og starfsfólk. Því næst gæddu þeir sér á kjötsúpu með starfsfólki áður en þeir héldu út í óvissuferð.



**Þakkir fyrir vel unnin störf**

Ása Nanna Mikkelsen, Elísabet Valtýsdóttir, Eysteinn Ó. Jónasson og Kristján Þórðarson voru kvödd með virktum við brautskráningu í vor og þeim þakkað fyrir framlag sitt til skólans í gegnum árin. Ása Nanna Mikkelsen hefur starfað við skólann frá upphafi eða frá árinu 1981, fyrst sem kennari viðskiptagreina og síðar sem áfangastjóri. Elísabet Valtýsdóttir hóf störf við öldungadeild FSu árið 1985 og í kjölfarið við dagskólann sem dönskukennari Eysteinn Ó. Jónasson upplýsingagreinakennari hefur starfað við FSu frá árinu 1987. Hann hefur komið að margskonar kennslu við skólann, kennst fjölmiðlatækni, vélritun, stærðfræði, bókhald og unnið með skólakórnum. Kristján Þórðarson húsasmíðameistari og framhalds-skólakennari hefur kennt við húsasmíðabraut FSu frá árinu 2001. Fjölbrotaskóli Suðurlands óskar þeim öllum alls hins besta í framtíðinni með þökkum fyrir frábært starf.

## 2 Skýrslur kennslustjóra og fagstjóra

### 2.1 Svið: Tungumál, samfélagsgreinar og lífsleikni

Sviðsstjóri: Björgvin E. Björgvinsson

#### 2.1.1 Enska

Kennslustjóri: Kristjana Hrund Bárðardóttir

| Nafn kennara:                | Áfangi/ar<br>haustönn  | Áfangi/ar<br>vorönn                                       |
|------------------------------|--|---|
| Guðfinna Gunnarsdóttir       | ens s-hópur<br>ens403  | ens s-hópur<br>ens403                                     |
| Helgi Þorvaldsson            | ens102<br>ens303<br>Sogn                                     | ens212<br>ens303<br>Sogn                                  |
| Kristín Runólfsdóttir        | Námsleyfi  | Námsleyfi   |
| Kristjana Hrund Bárðardóttir | ensU93<br>ens102<br>ens s-hópur<br>ens103<br>ens103 grunnsk. | ens s-hópur<br>ens102<br>ens203<br>ens103 og 203 grunnsk. |
| Paola Daziani                | ens212<br>ens303   | ens423<br>ens303  |
| Sveinn E Magnússon           | ens103<br>ens203<br>Litla Hraun                              | ens103<br>ens203<br>Litla Hraun                           |
| Tómas Davíð Ibsen Tómasson   | ens303   |   |
| Ægir Pétur Ellertsson        | ens202<br>ens503   | ens202<br>ens 503   |

### **Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu og mat á þeim**

Það var eitthvað um nýjungar í kennsluháttum í enskudeildinni þetta skólaárið. Við fengum Comenius assistant teacher frá Cardiff í Wales, Thomas Regan. Hann aðstoðaði við munnlegar æfingar/próf í flestum áföngum, ásamt því að koma með verkefni um sína heimahagi og menningu í S-hópana. Það hvatti nemendur mjög til að tala ensku og vanda sig við að tala við innfæddan. Þetta gafst vel og vonandi verður þetta áhrifast að fá aðstoðarkennara, alla vega annað hvert ár ☺

Í ensku 403 var unnið þverfaglega í samstarfi við Lárus sögukennara, hann kom og fræddi nemendur um söguhverfi nýrrar skáldsögu í áfanganum, Goodbye to Berlin. Það tókst vel og verður fram haldið.

Í ensU93 var öllum kennslubókum „hent“ og kennt í anda nýrrar námskrár. Verkefnið var kallað Skemmtiferðaskipið og tókst ágætlega. Upprunalega var þetta verkefni hannað með það í huga að það tæki yfir ensku, íslensku og stærðfræði og kom í ljós að það er erfitt að kenna það bara með enskunn. En gagnleg tilraun sem er grunnur að áframhaldandi vinnu næsta haust, þar sem verkefnið verður útfært einungis fyrir enskuna. Í öðrum áföngum voru gerðar tilraunir nýjar útfærslur á gömlum og nýjum verkefnum.

### **Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum**

Lokapróf var í öllum enskuáföngum upp að 403, fyrir utan U93 og 202. Í 403 áföngum og þar fyrir ofan, ásamt ens333, var símat alla önnina. Í flestum tilfellum gilti lokaprófið 50% á móti 50% annareinkunn, sem saman stendur af símati annarinnar. Símatið gengur ágætlega upp svo framarlega sem nemendur sinna sínu.

### **Námskeið sem kennarar hafa sótt**

Guðfinna sótti sérnámskeið í leikstjórn sumarið 2013.

Kristjana fór á námskeiðið Technologies that truly help teachers – or do they? í byrjun ágúst 2013.

Tómas Davíð fór á námskeið um fjölbreytta námstækni og námsmat.

Kristín var í námsleyfi og lærði þar heilan helling.

### **Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu og mat á þeim**

Ekki voru miklar breytingar á kennslugögnum þetta árið, helstu breytingarnar voru í 403 þar sem skipt var út leikriti og smásögum fyrir skáldsögu og stuttmyndir. Einnig voru einhverjar tilfærslur á skáldsögum í öðrum áföngum. Gáfust þessar breytingar vel og þeim haldið áfram næsta skólaár.

### **Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs**

Miðað við að ný námsskrá er að skella á er kominn tími til að huga að uppbyggingu námsins í áföngum og samræma betur svo að það sem á undan er komið nýtist í því sem á eftir kemur og sé notað. Í ensU93 verður haldið áfram að þróa kennslu í anda nýrrar námskrár, í öðrum áföngum er einnig verið að taka inn nýjar kennslubækur og „henda“ bókum úr sumum. Vonandi tekst að klára nýja námskrá á árinu svo hægt verði að byrja að kenna eftir henni á réttum tíma.

**Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir**

Við bíðum enn eftir að skólinn fjárfesti í hugbúnaði sem skoðar hvor um ritstuld sé að ræða í verkefnum nemenda. Hópastærðir hafa lagast en betur má ef duga skal og viljum við minna aftur á mikilvægi þess að U – hópar og hægferðarhópar séu ekki of fjölmennir.

**Annað**

Lagt er til að bókmenntakennarar í íslensku og ensku hittist og deili reynslu sinni þar sem mjög margt sameiginlegt er með kennslu í þessum greinum hvað textavinnu, ritun og bókmenntakennslu varðar.

Þökkum samstarfið á líðandi skólaári og vonum að það verði farsælt á komandi skólaári ☺

## 2.1.2 Íslenska

Kennslustjóri: Gísli Skúlason

### Kennarar og áfangar þetta skólaár

| Nafn kennara:               | Áfangi/ar<br>haustönn                | Áfangi/ar<br>vorönn                 |
|-----------------------------|--------------------------------------|-------------------------------------|
| Björgvin E. Björgvinsson    | ÍSL203                               | ÍSL203                              |
| Bryndís Guðjónsdóttir       | ÍSL202<br>ÍSL303                     | ÍSL202<br>ÍSL303<br>ÍSL503          |
| Elín Una Jónsdóttir         | Fæðingarorlof                        | ÍSL203                              |
| Gísli Skúlason              | ÍSL103<br>ÍSL503                     | ÍSL343<br>ÍSL503                    |
| Guðbjörg Grímsdóttir        | ÍSL103<br>ÍSL613<br>ÍSLU93           | ÍSL103<br>ÍSL202<br>ÍSA             |
| Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir | ÍSL102<br>ÍSL212                     | ÍSL102<br>ÍSL202<br>ÍSL212          |
| Gylfi Þorkelsson            | ÍSL303<br>ÍSL403<br>Litlahraun/Sogn  | ÍSL303<br>ÍSL403<br>Litlahraun/Sogn |
| Jón Özur Snorrason          | Ólaunað leyfi                        | Ólaunað leyfi                       |
| Katrín Tryggvadóttir        | ÍSL102<br>ÍSL212<br>ÍSL403<br>ÍSL503 | ÍSL102<br>ÍSL212<br>ÍSL403          |
| Ragnhildur E. Sigfúsdóttir  | ÍSL303<br>ÍSA<br>S-hópar             | Fæðingarorlof                       |
| Rósa Marta Guðnadóttir      | Ólaunað leyfi                        | ÍSL303<br>S-hópar                   |

## **Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu og mat á þeim**

**BEB:** Engar róttækar breytingar urðu á áföngunum en þó, eins og áður, var reynt að grípa það úr dægurmálum sem nemendur gætu hugsanlega haft áhuga á og tengja við efni áfanganna. Vegna verkfalls þurfti að þetta efnisyfirferðina eilítið á vorönn. Til lokaprófs var áhersla lögð á Snorra-Eddu og hljóðfræði.

**BG:** Þar sem ég hef mikinn áhuga á hugmyndum um skapandi nálgun á kennslu og námi ákvað ég að nýta mér meira mæli óhefðbundnar og gefandi vinnuaðferðir. Kennsla sem byggir á því að nemendur fái tækifæri til að vinna saman og upplifa námið með fjölbreyttum hætti með áherslu á samvinnu nemenda. Einnig lagði ég áherslu á hópvinna þannig að hún virkaði sem best. Þá reyndi ég eftir bestu getu að koma grunnþáttunum fyrir inn í námsefnið og umræður, þ.e. sköpun, læsi, lýðræði, heilbrigði og velferð, jafnrétti og sjálfbærni. Ég vona að þetta skili sér til nemenda og endurspeglis í námi þeirra.

Ég kenndi bæði ísl 202 á haust og vorönn. Reyndar hafa helstu nýjungarnar í þessum áfanga hafa verið í kringum Ritunarmöppu 3. Þar unnu nemendur með tónlist en þeir gátu líka valið að semja blöð/tímarit.

Í 303 var ég með tvo hópa á haustönn en einn á vorönn. Á haustinu voru hóparnir afskaplega ólíkir að samsetningu og getu. Annar hópurinn var jákvæður og tók virkan þátt í umræðum og skapandi vinnu sem gekk mun verr hjá hinum hópnum. Ég fór á námskeið í september um hvernig sögurnar lifna við og reyndi að flétta það sem þar var kennt og rætt, inn í kennsluna mína. Í áfanganum var boðið upp á meira val en áður og þá einkum hvernig efnið var nálgast t.d. spurningar, hópvinna, leikþættir eða myndvinnsla o.fl.. Þetta kom sem sagt nokkuð vel út.

Á vorönn kenndi ég ísl 503 í fyrsta skipti. Það var mjög spennandi vinna og hópurinn áhugasamur og duglegur. Ég notaði fjölbreyttar kennsluaðferðir og bauð upp á fleiri umræðutíma en ég hef áður gert í kennslu um álitamál sem nýttust vel (held ég).

**EUJ:** Ég var að kenna þennan áfanga (ísl203) í fyrsta sinn þannig að allir hlutir voru nýjungar fyrir mér. Ég get ekki lagt mat á þá þar sem ég hef ekki beinlínis samanburðinn.

**GGR:** Ég fylgdi kennsluáætlunum sem lágu fyrir nokkuð vel þar sem ég var að hefja störf hér í FSu. Geri ráð fyrir að ég geti sagt meira hér í þessum reit að ári.

Það var allt nýtt og spennandi fyrir mér. Fannst margt ganga upp og ganga vel. Fannst ný áskorun að læra siði og venjur hér.

Áfanginn 613 var nýr. Ég samdi kennsluáætlun og setti inn verkefni, umræður og annað. Ég fór nokkuð eftir kennsluáætluninni en bætti þó við eins og mér fannst við hæfi. Er síðan að vinna í kennsluáætluninni núna, að laga hana og bæta. Mikið var um umræður og lestur því þannig varð til grundvöllur til þælinga. Þetta form hentaði vel þar sem nemendur voru áhugasamir.

**GSK:** Í 103 var svipað skipulag og á haustönn 2012. GSK lét nemendur halda úti bloggsíðum öðru sinni og er nokkuð sannfærður um ágæti þess þar sem opinber birting veitir nokkurt aðhald.

Hópurinn í 343 var nokkuð sterkur námslega og stóð sig allvel þrátt fyrir verkfall og aðrar plágur. Vegna verkfalls þurfti að skera efni áfangans nokkuð. Að venju var boðið upp á val milli greinandi og skapandi viðfangsefnis í lokaverkefni barnabókaáfangans 343. Að þessu sinni völdu óvenju margir skapandi verkefni og mörg frambærileg bókmenntaverk urðu til, þó svo vinnutímamann hafi að mestu borið upp á verkfallsvikurnar. Vonandi er þetta til marks um vaxandi áhuga nemenda skólans á skapandi starfi og dvínandi hræðslu við að velja sér slík viðfangsefni.

Í 503 voru glósuverkefni samin og notuð til að auðvelda nemendum að éta sig í gegnum bókmenntasöguna. Einnig voru gefnir út leslistar til að skera niður efnið og gera það viðráðanlegra. Hóparnir tveir sem ég kenndi á haustönn voru námslega sterkir, sem sýndi sig í árangrinum almennt og ekki síst góðum heimildaritgerðum. Á vorönn kenndi ég einum hópi sem var mun slakari en haustannarhóparnir, en þar var þó ágætur andi og skemmtilegar umræður sköpuðust. Í þeim hópi var allnokkurt fall í annarlok.

**GDS:** Að mestu var kennt á báðum önnum með sama hætti og áður.

**KT:** Í íslensku 102 var aðeins lesin ein smásaga vandlega og svo ein skáldsaga (skáldævisaga). Á haustönninni var það Indjáninn en á vorönn Sjóráninginn, báðar eftir Jón Gnarr. Langflestir nemendur lásu bækurnar. Það er árangur út af fyrir sig. Verkefnavinna var talsverð úr sögunum og var hún rétt í meðallagi unnin af nemendum. Lesefni áfangans hefur minnkað um fjórar smásögur en á móti kemur að fleiri lesa heila skáldsögu.

Íslensku 212 kenndi ég báðar annirnar. Snorra-Edda er orðin aðalatriðið í þeim áfanga. Annað námsefni hefur minnkað mjög mikið. Hljóðfræðin kennd á styttri tíma og gerir það lítið til en hins vegar er öll málssaga og orðhlutapælingar og nýyrðasmíð horfin og er ákveðin eftirsjá í því. Smáþekking á uppruna málsins og hvernig ný orð eru smíðuð ætti ekki að skaða neinn. Heimildavinnu þyrfti að gera hærra undir höfði.

Í Snorra-Eddu eru alltaf samin talsvert mörg ný verkefni. Í Heimildarituninni eru alltaf talsverðar pælingar hvernig hægt er að fá nemendur til að sinna henni. Það verður alltaf erfiðara og erfiðara.

Námsefnið í áfanganum er orðið harla lítið. Það er orðið stórt stökk fyrir nemendur upp í ísl. 303. Nemendur koma ekki í 303 jafn vel undirbúnir og áður.

Í ísl. 403 á haustönn var kennd skáldsagan Piltur og stúlka. Ég hef ekki kennt hana áður. Nemendur tóku henni vel enda er hún létt aflestrar og einföld. Hún höfðaði meira að segja til nokkurra stráka líka. Á vorönninni var Skugga-Sveinn kenndur. Alltaf er skipt út ljóðum, smásögum og verkefni löguð og endurbætt. Næst langar mig til að kenna Upp við fossa.

Íslensku 503 kenndi ég í fyrsta skipti á haustönn. Það var mjög gaman. Þar var allt nýtt fyrir mér. Suma tímana vissi ég lítið hvað nemendur gerðu en það kom svo í ljós einum eða tveimur tímum síðar þegar þeir komu upp og skiluðu af sér verkefnum. Mikið var um munnleg skil. Aðrir nemendur hlustuðu óvenjulega vel. Þeir skrifuðu líka mikið hjá sér. Það er orðið langt síðan ég hef kennt svona duglegum og vinnufúsum hópi. Það heyrði til undantekninga ef nemandi var ekki tilbúinn þegar röðin kom að honum að flytja verkefni.

**RMG:** Man ekki eftir neinu slíku á þessari önn. Nemendur skrifa í vangaveltubók um námið sitt og pælingar varðandi það.

Flest próf eru ritgerðapróf þar sem lögð er áhersla á rökhugsun og mat nemenda. Mikil áhersla á ritun af öllu tagi til að auka ritfærni nemenda.

### **Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum**

**BEB.** Í íslenskuáföngunum sem BEB kenndi á skólaárinu gildi vetrareinkunn 50% á móti 50% lokaprófi. Sá háttur var hafður á að nemendur sem ná 8 í vetrareinkunn mega sleppa því að taka lokapróf og gildir þá vetrareinkunnin sem lokaeinkunn. Þetta gefst vel í hraðferðinni þar sem samviskusamir og kappsfullir nemendur stefna einbeittir að þessu marki.

**BG:** Í ísl 202 er símat. Á haustönn var stafsetning á próftöflu (10%) en á vorönn var prófið tekið inn á önninni. Í ísl 303 var lokapróf 50% á móti 50% vetrareinkunn. Nemendur sem voru með vetrareinkunn yfir 8 gátu sleppt við próf á haustinu en á vorönn var þessi möguleiki ekki í boði. Í ísl 503 var próf að vori auk námseinkunnar. Á önninni prufaði ég að leggja fyrir lítil hóppróf. Þannig að hver nemandi tók fyrst krossapróf og síðan setti ég

nemendur í litla hópa, 3 saman. Þeir tóku síðan saman prófið. Þeir hópar sem ekki fengu 10 þurftu að leysa prófið eins og verkefni og áttu þá að nota bókina.

**EUJ:** Lokapróf gildi 50% á mótí annareinkunn. Fjölbreytt verkefni, ritgerð og skyndipróf vógu mest í annareinkunn. Nemendur sem fengu 8 eða hærra í annareinkunn sluppu við lokapróf. Mér fannst sú regla koma ágætlega út, nemendur kepptu margir hverjir að því að ná þessari meðaleinkunn sem skilaði sér í góðri vinnu.

Verkfallið setti óneitanlega strik í reikninginn hjá bæði nemendum og kennurum. Nemendur misstu þráðinn eftir verkfallið og voru lengi að finna hann aftur. Páskafríð varð svo til að bæta enn á losaraganginn. Hluti af námsefninu (mállýskur- hljóðfræði) var felldur niður.

**GGR:** Það var símat í flestum þeim áföngum sem ég kenndi. Það fannst mér eiga vel við þá áfanga sem ég kenndi. Í U936 var þó lokapróf og fannst mér það við hæfi í þeim áfanga.

Þrátt fyrir allt tóku nemendur sig á undir lokin og stóðu sig vel í lokaprófi. Mér fannst námsmatið í heild koma vel út og endurspeglar þekkingu nemenda sem og skilning á námsefninu.

**GDS:** Í ísl 102 og ísl 202 var símat. Það form gefst ágætlega að mörgu leyti. Skil hafa þó stundum orðið til þess að nemandi fellur. Hugsanlegt er að betri skil fái í skilaskjóðu á Moodle.

**GSK:** Símat í 103 sem gefst nokkuð vel. Fall er ekki umtalsvert, en fáir ná framúrskarandi árangri (meðaleinkunn 6,6 og 1 nemi með 9), sem líklega helgast af því að bestu nemendurnir ljúka þessum áfanga í grunnskóla eða sem „ofurbusar“ í FSu.

Símat einnig í 343, en þar er tvenns konar ritgerðaverkefni í lokin sem þjónar sem nokkurs konar lokapróf að því leyti að þar eiga nemendur að sýna þekkingu og skilning á efni áfangans. Þetta gefst nokkuð vel. Meðaleinkunn var 6,4, 3 með 9 og þrír féllu af 24.

Í 503 er lokapróf sem gildi 50% á haustönn en vegna verkfallsins á vorönn varð vægi lokaprófsins 60%. Þeir sem náð 8 í vetrareinkunn fengu að sleppa lokaprófi og náðu nokkrir því. Þetta fyrirkomuleg hefur bæði kosti og galla, og hugsanlegt að horfið verði frá því vegna leiðinda sem stundum skapast þegar ljóst er hverjir ná þessu og hverjir ekki, enda stundum mjótt á munum. Aðalkosturinn er sá að þetta skapar nokkurn metnað hjá þeim sem vilja nýta sér þessa leið, þó auðvitað sé æskilegast að slíkur metnaður skapist af innri þörf og áhuga á efninu. Meðaleinkunn á haustönn var 5,5, 4 fengu 9 og 10 féllu af 45. Á vorönn var meðaleinkunn 4,5, enginn með 9 og 8 féllu af 19.

**GP:** Blanda af ýmsu. Mikil verkefnaskil, mestallt í Moodle. Tímaritgerðir (penni og pappír), próf, munnleg skil, hópverkefni, einstaklingsverkefni, lokapróf. Fjölbreytt námsmat sem ætti að draga fram virkni og hæfni hvers nemanda.

**KT:** Í íslensku 102 var símat á báðum önnum. Ég tel það heppilegt. Inni á önninni voru próf og verkefni sem mynduðu lokaeinkunn. Flestir nemendur unnu út önnina. Það færir samt í vöxt að nemendur hætti vinnu þegar þeir sjá að þeir eru búnir að ná lágmarkseinkunn. T.d. slepptu tveir bestu nemendurnir tjáningarlutanum að mestu núna á vorönninni og annar þeirra er því einum lægri í einkunn en hann hefði geta verið. Mér finnst nauðsynlegt að nemendur standi skil á vinnu sinni, þ.e. haldi saman verkefnum sínum, safni þeim í möppu og standi skil á þeim til kennara. Mér finnst nauðsynlegt að nemendur leggi verk sín í dóm annarra. Símat má aldrei verða eingöngu lesskilningspróf.

Í íslensku 212 er 50% próf og nemendur geta sleppt prófi ef þeir ná 8 í vetrareinkunn. Einn náði því á haustönn en enginn á vorönn. Ég man ekki eftir því áður. Í öllum hópum sem fengið hafa það tækifæri að sleppa prófi hefur einhvern nemandi verið það duglegur eða klár að geta sloppið.



Í íslensku 403 er 50% próf og enginn getur sleppt prófi. Ég vil gjarnan að duglegir nemendur geti sleppt prófi því það virkar hvetjandi.

Í íslensku 503 var einnig hægt að sleppa prófi. Það gerðu margir því mér fannst nemendur duglegir og þeir vildu standa sig vel.

**RMG:** Símat og lokapróf.

### **Námskeið sem kennarar hafa sótt**

**BEB** tók námskeiðið Excel 1 hjá Endurmenntun. Sótti einnig BETT-ráðstefnuna í London í janúar 2014.

**BG:** Námskeið á vegum Félags móðurmálskennara, *Sagan lifnar við*. Helgarnámskeið á Glym í Hvalfirði.

Námskeið í vorönn um fornleifar og fornleifarannsóknir á vegum Endurmenntunar Háskóla Íslands.

**GSK:** Fór á BETT-ráðstefnuna í janúar 2014. Þar sótti ég einkum fyrirlestra sérfræðinga víðs vegar að úr heiminum. Sem dæmi má nefna fyrirlestur tveggja upphafsmanna speglaðrar kennslu. Einnig starfaði ég í nefnd á vegum Norðurlandaráðs sem tilnefni barna- og unglingabækur til Norrænu barnabókaverðlaunanna sem veitt voru í fyrsta sinn 2013. Það starf gaf góða innsýn í barna- og unglingabókmenntir á Norðurlöndunum og var á við nokkur námskeið.

**KT:** Ég hef ekki sótt námskeið. Mín endurmenntun hefur falist í að lesa bækur. Ef menn vilja vita hvaða bækur þá get ég lagt fram Lestrardagbók.

**RMG:** Sótti námskeiðið Hreyfimyndagerð – fjögur sjónarhorn í Myndlistaskóla Reykjavíkur. Ráðstefna sem bar yfirskriftina „SKÓLI Á NÝJUM TÍMUM Lýðræði - sköpun - tækni.“ á vegum DKG, samtaka kvenna í menntastörfum sem haldið var á Ísafirði í maí. Ég sæki alla fundi Samtaka móðurmálskennara sem eru fræðandi og skemmtilegir.

### **Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu og mat á þeim**

**BG:** Nemendur í ísl 202, lásu bókina *Vetrarsól* eftir Auði Jónsdóttur á vorönn í stað bókarinnar *Leikarinn* eftir Sólveigu Pálsdóttur sem var lesin á haustönn.

**GGR:** Kenndi bókina *Vetrarsól* í íslensku 202 og fannst það ganga ágætlega. Hún er frekar hæg en með húmor og fínum söguþræði en þar sem enginn er myrtur í bókinni finnst strákum hún ekkert frábær. Ég gæti alveg séð hana fyrir mér kennda áfram, það var margt gott við hana; auðvelt að túlka, einfaldur söguþráður, persónur skemmtilegar og spenningur í sambandi við endinn.

Í íslensku 613 voru ýmsar bækur lesnar, bæði kjörbækur og skyldulesning. Þar myndi ég aðeins vilja hræra meira í leslistanum. Bókin *Frankenstein* var lesin og hún var fín og einnig *Dr. Jekyll and Mr. Hyde*. Þarf að fara yfir kennsluáætlun.

*Sumarljós* gengur vel í íslensku 103. Kannski gott að finna aðra sem getur leyst hana af inn á milli.

Í 613 var eftirtalið námsefni:

Kjörbækur (þrjár: glæpasaga, ástarsaga, vampírusaga)

*Frankenstein*. 2005. Mary W. Shelley

*Makt myrkranna. Sagan af Drakúla*. 2011. Bram Stoker.

*Hið undarlega mál Jekylls og Hydes*. 1994.

Kvikmyndir; bæði horft á heilar kvikmyndir og einnig búta úr myndum.

Frankenstein frá 1931,

úrklippa úr *Frankenstein* sem væntanleg er í kvikmyndahús,

nútíma vampírumynd (grín)  
bútar úr öðrum vampírumyndum  
bútar úr glæpamyndum  
efni af netinu (tímarit og fleira)

**GDS:** Á hverri önn er sett saman nýtt hefti fyrir ísl 102. Áður en það er gert er heftið sem notað var metið og endurbætt. Þó komi fyrir að sömu sögur séu notaðar eru verkefni yfirfarin og þeim breytt til að koma í veg fyrir að nemendur afriti gömul verkefni.

Í ísl 202 var kennd bókinn Vetrarsól. Hún var tekin inn í miklum fljótheitum þegar í ljós kom að bókinn sem nota átti var uppseld. Vetrarsól þótti ekki nógu spennandi.

**GSK:** Ég endurnýjaði gamlan vef um málnotkun og var hann tilbúinn til notkunar í lok skólaársins (<http://malgagnid.wordpress.com/>). Þessi vefur er hugsaður sem hjálpargagn og vettvangur fyrir málnotendur og aðra áhugamenn um íslensku.

**KT:** Í íslensku 102 er alltaf nýtt Leshefti. Lesheftið virkar vel því þar eru nemendur með öll gögnin sem þeir þurfa að hafa í áfanganum. Og svo þurfa þeir auðvita að hafa skáldsöguna líka.

Í íslensku 403 var Piltur og stúlka ný. (Hún var svo ný að nemendur keyptu hana ekki heldur fengu hana lánaða úr hillum ættingja.)

Í íslensku 503 var engin ný bók en þær voru allar nýjar fyrir mér.

**RMG:** Vangaveltubókin heldur velli.

### **Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs**

**BEB** fékk sent nýtt rafrænt efni í Snorra-Eddu sem kennarar áfanganna ÍSL203 og 212 eru að skoða. Mögulega verður ráðist í að kenna það efni á næstu önn.

**GDS:** Að kenna eingöngu hægferðir er mjög niðurbjótandi enda hafa hegðunarörðugleikar nemenda í þeim farið vaxandi.

**GGr:** Eftir að hafa kennt áfangann 613 einu sinni myndi ég leggja til eftirfarandi:

- Hafa samanburð á einhverjum tímabilum.
- Sýna búta úr myndum gengur vel og skapar umræður.
- Hópavinna hentar vel í þessum áfanga.
- Safna meira efni til að vinna úr.
- Hafa eitt stórt verkefni í lokin.
- Hafa skyldulesningu innan hvers þema sem nemandi getur valið.

Þetta eru allt atriði sem ég set inn í endurbætta kennsluáætlun.

**GSK:** Æskilegt væri að endurhugsa bókmenntasögubáttinn í 503. Þær bækur sem fánlegar eru innihalda mikil flóð upplýsinga sem þarf annað hvort að matreiða meira eða semja nýtt efni, sem verður þó varla gert í frímínútum og töflugötum.

**RMG:** Hef hugsað mér að aðlaga þá íslensku sem ég kenni að nýrri námskrá.

### **Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir**

**GDS:** Skýrar reglur þurfa að vera til sem skýra hvernig nemendur mega nota síma í tímum. Í dag geta nemendur tekið upp það sem fram fer í tímum og birt myndir sem teknar eru. Það hlýtur að teljast athugasvert samkvæmt persónuverndarlögum. Auk þess trufla símar nemendur oft mjög mikið. Færst hefur í vöxt að nemendur geti ekki fest hugann við námið vegna símanna.

Það væri mjög æskilegt að skólinn setti upp námskeið í fjölbreyttum kennsluháttum og prófagerð og fengi til þess sérfróða menn. Það er ekki nóg að tala um að spjaldtölvur og

símar séu góð tæki til að nýta í kennslu. Kennarar við skólann eru mjög margir ekki neindir sérfræðingar í notkun þeirra. Og ef þessi tæki á annað borð eru góð í kennslu þá þurfum við að læra að nota þau og finna leiðir til að nýta okkur þau í kennslunni. Kannski það leiddi þá til þess að nemendur leiddu athygli sína frekar að því sem unnið er með en séu ekki bara á ráfi á neti eða í samskiptum við fólk sem ekki er í tímum með þeim.

**GSK:** Netsamband hefur verið stopult á köflum þetta skólaár, þó ástandið hafi skánað á vorönninni. Þetta er óviðunandi þar sem mikið er treyst á múðlu og annað netefni í skólalastarfinu eins og skólayfirvöld hafa hvatt til. Þetta þarf að bæta fyrir næsta skólaár.

**RMG:** Ég hef mikið velt skólakerfinu okkar fyrir mér og finnst að við þurfum á mörgum sviðum að kippa því inn í nútímann. Nú er tækifæri til að breyta og aðlaga kerfið að 21. öldinni. Ég veit að viljinn er fyrir hendi hjá mörgum en ef til vill skortir kjarkinn. Við þurfum að velta upp spurningum eins og: Hvað þurfa nemendur að kunna, geta og hafa hæfni í?

Ég hef kennt s-hópum alla mína tíð hér og þar hafa ýmsir tekið fyrstu áfangana í íslensku, áfanga 102 og 202. Ég er mjög hugsi yfir þessum áföngum og mér finnst ýmislegt í þeim ekki vænlegt til að vekja áhuga nemenda á tungumálinu. Nemendur í þessum áföngum eru oftast en ekki slakir námsmenn og námsefnið þarf að höfða til þeirra til þess að þeir sjái tilgang til að vera í tímum og mennta sig.

Íslenskan ætti að vera skemmtilegasta fagið í skólanum en svo er ekki og við íslenskukennarar þurfum að breyta því.

### **Annað**

**GGR:** Finnst spennandi að hugsa áfangana upp á nýtt. Finnst að við eigum að nota tækifærið og breyta og bæta um leið og við höldum því sem vel hefur gengið.

Áfanginn 613 er klárlega kominn til að vera. Nemendur voru áhugasamir og voru sammála um að kenna ætti hann áfram. Nemendur komu með hugmyndir í lokin sem kennari nýtir til að bæta áfangann. Þetta er efni sem höfðar til allra.

**GDS:** Ég legg til að hægt sé að leigja sér tölvu á bókasafni til að nota tímabundið, einn tíma eða tvo. Það er ótækt að kennarar séu á hlaupum með heilu tölvuvagnana þegar aðeins einn eða tveir nemendur þurfa að fá tölvur lánaðar. Oft er heldur ekki hægt að útvega sér tölvuvagna með skömmum fyrirvara. Sumir kennarar einoka jafnvel vagnana svolítið með því að festa þá í tímum í margar vikur.

**GSK:** Námskrárvinnan er komin skammt á veg í íslenskunni. Þar er verk að vinna og ýmis tækifæri til úrbóta. Íslenskukennarar í öðrum skólum virðast þó ekki hafa nýtt færið til mikilla breytinga ef marka má þær áfangalýsingar sem aðgengilegar eru. Það er því á okkar valdi að rífa okkur upp úr hjólförum, ef það er á annað borð það sem við viljum.

Selfossi 26. maí 2014, Gísli Skúlason.

## 2.1.3 Íslenska sem annað mál (ÍSA)

Fagstjóri: Elín Una Jónsdóttir

| Nafn kennara:                    | Áfangi/ar<br>haustönn | Áfangi/ar<br>vorönn |
|----------------------------------|-----------------------|---------------------|
| Elín Una Jónsdóttir              |                       | ÍSA193-503          |
| Guðbjörg Grímsdóttir             |                       | ÍSA193-503          |
| Hrefna Clausen                   | ÍSA193-503            | ÍSA193-503          |
| Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir | ÍSA193-503            |                     |
| Hannes Stefánsson                | ÍSA193-503            |                     |
| Hannes Stefánsson                | ÍSAA92                | ÍSAB92              |

### Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu og mat á þeim

Aðeins eru þrjú ár liðin síðan ÍSunni 193-503 var ýtt úr vör og nýir kennsluhættir þá innleiddir. Utanumhald í áföngunum er nokkuð viðamikilið enda er kennslan einstaklingsmiðuð og nemendur innan hvers áfanga hafa afar ólíka getu. Af þessum ástæðum er ekki tímabært að innleiða veigamiklar nýjungar í kennsluháttum heldur frekar að slípa til þær aðferðir sem lagt hefur verið upp með. Þær aðferðir felast í miklum fjölbreytileika: Nemendur vinna sjálfstætt, í þörum og í hópum, ekki er unnið með sérstakar kennslubækur og nemendur takast á við fjölbreytt verkefni sem reyna á talað mál og tjáningu, ritun, lesskilning, málvitund, málfræði, hugsun o.s.frv.

Nokkrar minni háttar breytingar voru þó gerðar á vorönn 2014:

-Tónlist og kvikmyndir var yfirþema alla önnina. Flest verkefni sem lögð voru fyrir tengdust þemanu. Þemavinnan gekk vel, námið varð heildstæðara, það skapaðist samhengi milli verkefna og nemendur þurftu að hugsa út fyrir sinn daglega ramma.

-Ekkert próf var lagt fyrir á önninni nema lokaprófið. Möppurnar eru góðar vörður á önninni en á lokaprófinu sýna nemendur síðan þekkingu sína. Þetta námsmat hentar áfanganum mjög vel.

### Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Lokapróf gildi 50% á móti annareinkunn. Annareinkunn nemenda byggðist á ritunarmöppum, ritgerð og vinnu og flutningi á lokaverkefni og samtölum við nemendur.

Kennarar eru sammála um að þessi hlutföll í námsmati eigi vel við áfangana og sé góð aðferð til að meta vinnu og árangur nemenda.

Þar sem kennslan er einstaklingsmiðuð í ÍSU og kennsluhættir og verkefni eins fjölbreytt og raun ber vitni er ákveðin hætta á að námsmat geti orðið ónákvæmt og of huglægt. Því er nauðsynlegt að halda vel utan um námsmat nemenda, gera ríkar kröfur um vinnu og framfarir og leggja metnaðarfullt próf fyrir í lokin. Kennarar meta stöðuna þannig að nokkuð vel hafi tekist til í þeim efnum á þessu skólaári.

### Námskeið sem kennarar hafa sótt

Kennarar sóttu engin námskeið á skólaárinu.

### Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu og mat á þeim

Engar „sérstakar“ kennslubækur eru lagðar til grundvallar í ÍSU 193-503. Frumsamið efni frá kennurum er grunnurinn en auk þess er stuðst við eftirfarandi:

|   |  |
|---|--|
| <i>Íslenska fyrir alla</i> (tungumalatorg.is) | Stuðst við bókina í málfræði og málnotkun. |
| <i>Hitt og þetta</i> (nams.is)                | Stuðst við bókina í málfræði og málnotkun. |
| Fréttir og greinar af fréttavefjum            | Fjölbreytt verkefni í ritun og málnotkun   |
| Greinar úr <i>Lifandi vísindum</i>            | Fjölbreytt verkefni í ritun og málnotkun   |
| Söngtextar úr samtímanum                      | Fjölbreytt verkefni í ritun og málnotkun   |
| <i>Reykjavík – Rotterdam</i> (kvikmynd)       | Fjölbreytt verkefni í ritun og málnotkun   |
| Fjölbreytt efni af netinu/bókasafni           | Nemendur fundu sjálfir efni og unnu með.   |
| Kjörbók að eigin vali                         | Kjörbókarritgerð                           |

### Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Þrjú kennarar hafa kennt ÍSUna 193-503 síðastliðin misseri en með mismikilli aðkomu. Þriðji kennarinn hittir nemendur einungis einu sinni í viku, annar kennarinn hittir nemendur tvisvar í viku og aðeins einn kennari hittir nemendur alla þrjú tímuna í hverri viku. Þetta fyrirkomulag er að mati kennaranna of losaralegt. Þeir kennarar sem ekki hitta nemendur þrisvar í viku vantar yfirsýn bæði hvað varðar vinnu nemenda frá degi til dags og tengsl við nemendur.

Lagt er til að á næstu önn sjái einungis tveir kennarar um áfangann í stað þriggja þar sem stöðugildin eru aðeins tvö og fást ekki fleiri. Þessir tveir kennarar hitta þá nemendur í öllum kennslustundum. Verkaskipting er þá hugsuð þannig að annar kennarinn hafi sérstaka umsjón með samtölum við nemendur. Þessi samtöl hafa það að markmiði að þjálfra munnlega tjáningu og veita nemendum félagslegan stuðning. Þetta fyrirkomulag hefur verið viðhaft með ágætum árangri.

Skipulag áfanganna í ÍSU 193-503 er viðamikil og skemmtilegt. Þetta skipulag hefur orðið til smátt og smátt síðastliðin þrjú ár en þarf að fá að slípast betur til og verður gott þegar þegar það hefur gengið samfleytt í þrjú ár. Þá ætti sami nemandi að hafa setið alla áfangana og kennarar fengið mikilvæga yfirsýn yfir námsefnið og skipulag.

Það myndi auðvelda starfið ef kennarar hefðu tíma til að „búa til“ og undirbúa áfangana fyrirfram, annað hvort að vori eða hausti. Þannig að þema, efni, kennsluáætlun og verkefni lægju fyrir í upphafi annar þó svo að alltaf sé hægt að breyta og bæta á leiðinni. Þessa vinnu er nauðsynlegt að vinna fyrir upphaf næsta vetrar.

Lagt er til að taka málfræðina fastari tökum og hafa meiri samfellu í málfræðikennslunni. Í þeim tilgangi verður Litli málfræðingurinn hafður til hliðsjónar. Þá verði Litli málfræðingurinn seldur í bóksölu og nemendum gert að kaupa hann.

Málfræðiatríðum verði skipt niður á áfangana og kennarar safni saman æfingum fyrir hvert atriði.

Nauðsynlegt er að fá mat nemenda á áfanganum. Auðvelt er að búa til slíka könnun á múðlunni.

### **Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir**

Fyrir tvo kennara með 15-20 nemendur í 6 áföngum og nemendur sem eru á jafn mörgum getustigum og þeir eru margir er utanumhaldið og kennslan viðamikið starf.

Fjölga ætti kennurunum í þrjá og þar með í þrjú stöðugildi. Að öðrum kosti ættu þessir tveir kennarar að fá sérstaka umbun fyrir aukaálag, líkt og kennarar fá sem kenna fögin sín innan starfsbrautar.

### **Annað**

Komið hefur verið á sambandi milli fagstjóra ÍSunnar annars vegar og námsráðgjafa og námsferilstjóra hins vegar hvað varðar mat á getu nemenda sem innritast í ÍSUna við upphaf skólagöngu. Kennari úr ÍSunni mun taka þátt í innritunarferlinu.

## **2.1.4 Lífsleikni**

**Fagstjóri: Gísli Skúlason**

| <b>Nafn kennara:</b>       | <b>Áfangi/ar<br/>Haustönn 2013</b> | <b>Áfangi/ar<br/>Vorönn 2014</b> |
|----------------------------|------------------------------------|----------------------------------|
| Björgvin E. Björgvinsson   | Lkn106                             | Lkn106                           |
| Bryndís Guðjónsdóttir      |                                    | Lkn106                           |
| Gísli Skúlason             | Lkn106                             | Lkn106                           |
| Guðbjörg Grímsdóttir       |                                    | Lkn106                           |
| Hrefna Clausen             | Lkn106                             | Lkn106                           |
| Kjartan Ólason             | Lkn106                             | Lkn106                           |
|                            |                                    | Lkn103                           |
| Málfríður Garðarsdóttir    |                                    | Lkn106                           |
| Ragnhildur E. Sigfúsdóttir | Lkn106                             |                                  |
| Vera Valgarðsdóttir        | Lkn106                             | Lkn106                           |

### **Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu**

Kennslan í LKN er í nokkuð föstum skorðum, líklega of föstum þegar á heildina er litið. Þó eru kennarar að prófa sig áfram með ýmsar nýjungar eins og gengur. Má þar nefna tilraunir til að nota meira myndefni í kennslu og verkefnavinnu, bæði ljósmyndir og hreyfimyndir, enda græjueign nemenda slík að það jaðrar við sóun að nýta hana ekki til góðra verka. Einnig var nú í fyrsta sinn gefinn kostur á frumkvöðlaverkefni í lokaverkefni áfangans hjá GSk og KÓ. Þetta gafst nokkuð vel og væri ástæða til að þróa þennan möguleika áfram.

Í lok vorannar kom Guðbjörg Grímsdóttir fram með tillögur að breyttu skipulagi í áfanganum. Þessar tillögur verða vegnar og metnar fyrir næsta skólaár.

### **Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum**

Símat hefur ríkt frá upphafi í þessum áfanga, eða í u.þ.b. 24 ár. Matið er nokkuð fjölbreytt; minni og stærri verkefni, jafningjamat í bland við mat kennara, skrifleg og munnleg verkefni

o.s.frv. Lögð er áhersla á vinnusemi og að hver nemandi leggi sig fram eftir eigin getu, enda áfanginn ekki getuskiptur á sama hátt og aðrir byrjunaráfangar.

### **Námskeið sem kennarar hafa sótt**

Hér vísast til skýrslna annarra greina sem LKN-kennarar kenna einnig.

### **Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu**

Engar eiginlegar kennslubækur eru notaðar í áfanganum, en kennsluefni í námstækni er á múðlu. Það þarfnast endurskoðunar sem situr á hakanum vegna tíma- og umbunarskorts (GSk). Efni á netinu er mikið nýtt, enda drjúgur hluti áfangans leitarnám þar sem nemendur leita upplýsinga og koma þeim í það form sem hentar hverju verkefni.

### **Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs**

Miklar breytingar á kennaraliðinu eru fyrirsjáanlegar á næsta skólaári. Því fylgja vonandi tækifæri til nýjunga.

Hér eru nokkrar hugmyndir sem fram komu á lokafundi kennara í LKN:

- GGr og HC: Velta fyrir sér hvort ætti að breyta námsmati þannig að dagbók og mappa vegi minna, vinnan á önninni meira? Spurning hvornig er hægt að taka á málum þegar nemendur virðast fljóta á dagbók, mætingu og hrafli af verkefnum. Hvert er vandamálið hér og hvornig er hægt að bregðast við því?
- Ætti að hafa fleiri ræðu- eða rökræðuverkefni?
- Hafa meiri umræður, og halda þeim uppi? Nota kennsluaðferðir sem virka til að ná athygli og halda. Hugmynd að æfa okkur í þessu næsta haust og gera skurk í málinu, safna góðum hugmyndum.
- Nota rýmið meira fyrir framan stofu 201, til umræðna í minni hóp, kynninga...
- Skipta hópnum oftast í tvennt, meðal annars til að auka virkni einstakra nemanda.
- Láta nemendur standa meira fyrir máli sínu.

### **Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir**

Ábending að láta áfangann heita SAM fremur en LKN.

Hugmynd að fá í framtíðinni háa stóla fyrir hálfan hópinn í holið fyrir framan 201.

### **Annað**

**GSk:** Vona að SAM/LKN verði ekki þynntur út í komandi námskrá skólans. Í þessum áfanga er margt sem ekki má fórna að mínu mati, en er líklegt til að þynnast út eða jafnvel hverfa ef kjarnagreinarnar fá aukið vægi í þessum áfanga eða einhvers konar afkomanda hans, eins og nú eru uppi hugmyndir um.

Selfossi 26. maí 2014

Gísli Skúlason.

## 2.1.5 Samfélagsgreinar

Kennslustjóri: Eyrún Björg Magnúsdóttir

| Nafn kennara:               | Áfangi/ar<br>haustönn      | Áfangi/ar<br>vorönn        |
|-----------------------------|----------------------------|----------------------------|
| Árni Blandon                | Sál313<br>Sál203           | Sál203<br>Sál403           |
| Árni Blandon                | Kvk113<br>Lim103           | Lim203<br>Kvk203           |
| Erlingur Brynjólfsson       | Sag303<br>Sag313           | Sag103<br>Sag303<br>Sag403 |
| Eysteinn Óskar Jónasson     | Utn103                     | Utn103<br>Utn203           |
| Eyrún Björg Magnúsdóttir    | Fél103<br>Fél203<br>Fél323 | Fél103<br>Fél203<br>Fél303 |
| Helgi Hermannsson           | Bri172<br>Bri272           | Fél403                     |
| Ingibjörg Ó. Sigurðardóttir | Sál103                     | Sál103<br>Upp103           |
| Lárus Ágúst Bragason        | Sag103<br>Sag203           | Sag103<br>Sag203           |
| Málfríður Garðarsdóttir     | Fél103<br>Fjö103<br>Fjö203 | Fjö103<br>Fjö203           |
| Már Ingólfur Másson         | Sag103                     |                            |
| Ragnheiður Eiríksdóttir     | Hsp103<br>Hsp303           | Hsp103<br>Hsp203           |

### Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu og mat á þeim

SÁL203/313/403, KVK, LIM: Allra besta nýjungin á skólaárinu var að fá blue-ray tæki í salinn. Nú er hægt að fara að panta blur-ray diska sem eru í miklu meiri gæðum en DVD diskar. Það



þýðir að hægt er að færa skjávarpann lengra frá tjaldinu. En þá stendur á því að ekki er komið stærra tjald í salinn (sjá neðar).

FJÖ103/203: Í lokaverkefnum í FJÖ 103 (20% af lokaeinkunn) og FJÖ 203 (30% af lokaeinkunn) var nemendum gefið ALGERT frelsi til að velja sér viðfangsefni og miðlunarform. Verkefni voru einstaklingsverkefni, máttu vera hvort heldur sem var fræðilegs eðlis eða framleiðsla á fjölmiðlaefni og umfjöllunarefni var að öllu leyti í höndum nemandans. Nemendur komu til kennara einstaklingslega og ræddu hugmyndir sínar að verkefni og í sameiningu útfærðu kennari og nemandi umfang og áherslur, auk þess sem kennari ræddi hvernig mat á tilteknu verkefni myndi fara fram. Út úr þessu komu fjölmörg og fjölbreytt lokaverkefni, sem gaman var að fara yfir og þar sem hæfni og áhugasvið hvers nemanda fékk notið sín. Hinsvegar kom það kennara á óvart hve MJÖG frelsið reyndi á nemendur. Framan af verkefnavinnunni kvörtuðu þeir sáran undan frelsinu, þótti krefjandi og erfitt að eiga að sýna slíkt sjálfstæði og hugmyndaflug og oft þurfti löng samtöl við kennara til, áður en landing náðist. Styrkti það kennara enn frekar í trúnni á mikilvægi vinnunnar, sem þjálfaði óþroskaða hæfni nemenda í sjálfstæðum og skapandi vinnubrögðum.

Farið var í tvær námsferðir í FJÖ203. Í febrúar var farið til Reykjavíkur, byrjað í Hörpu, þar sem fram fór "Milljarður rís" á vegum UN Women. Þar gátu nemendur tekið þátt í dansi fyrir mannréttindum kvenna, en ekki síður gaf viðburðurinn tækifæri til umræðna og vangaveltna um skipulagningu viðburða af þessu tagi til þess að koma málefnum í almenna umræðu og hvernig umfjöllun þeir fá í fjölmiðlum. Eftir hádegismat fór hópurinn síðan á málþing í Háskóla Íslands, á vegum Blaðamannafélags Íslands, Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála, Alþjóðamálastofnunar, Meistaránáms í blaða- og fréttamennsku, Miðstöðvar Rannsóknarblaðamennsku, Nýlistasafnsins, DV, Reykjavíkur vikublaðs og Grapevine. Þar komu fram þrír blaðamenn, þeir Fahad Shah frá Kasmír, Jasmin Rexhepi frá Kosovo og Mazen Maaroof frá Líbanon og sögðu frá reynslu sinni sem blaðamenn á svæðum þar sem ríkir ófriður og lýðræðisstoðir eru veikar. Seinni ferðin var farin í mars og þá heimsótti hópurinn Rúv og skoðaði þar alla króka og kima, talaði við dagsskrárgerðarfólk og tæknimenn. Báðar ferðir tókust mjög vel og nemendur létu vel af. Nemendur voru hrifnari af ferðinni í Rúv, sem var bæði lærdómsrík og spennandi. Þeim þótti hinsvegar sumum erfitt að skilja erlendu blaðamennina, sem töluðu flókna ensku og með hreim. Hinsvegar metur kennari að mikill lærdómur hafi fengist, bæði efnislegur – sérstaklega gegnum umræður eftir að heim var komið – og einfaldlega í því að hafa komið inn í byggingu Háskóla Íslands og setið fyrirlestur með fullorðnu fólki. Nemendur tóku það alvarlega og fundu til sín.

FÉL103/203/303: Haldið var áfram að þróa meiri ábyrgð nemenda á eigin námi. Hefðbundnar glærुकynningar voru minnkaðar enn meir. Þetta var tilraunaverkefni sem byrjaði á síðustu vorönn en er enn í mótun. Nemendur þurfa með þessu að sýna frumkvæði í því að leita sér gagnanna og fá í staðinn meira frjálsræði með tegund verkefnaskila. Minnkuð var ráðgjöf varðandi lengd og form verkefna en í stað lögð áhersla á hvað þyrfti að koma fram. Gekk vel, nemendur í meirihluta ánægðir með að fá að stjórna svona mikið námi og verkefnum. Einstaka nemendur kunna ekki við svona mikið frelsi og því þarf að hafa meiri leiðbeiningar til fyrir þá.

### **Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum**

SÁL203/313/403L, KVK, LIM: Símat notað. Mat mitt er að það reynist vel.

SÁL103, UPP103: Skipulag og námsefni í Sál103 var hefðbundið og ekki var um neinar nýjungar að ræða. Í uppeldisfræði voru tveir hópar þessa önnina (V2014) og var sömu sögu að segja, allt með fremur hefðbundnum hætti nema að vegna færri kennsludaga sökum verkfalls voru felld niður tvö verkefni sem samtals áttu að gilda 10% af námsmati og var hlutfall prófa annarinnar í námsmati hækkað um samsvarandi tölu.

FJÖ103/203: FJÖ 103&203 eru símatsáfangar. Í báðum áföngum áttu nemendur að skila vikulegri vangaveltu, sem samtals giltu 10% af lokaekinn. Stórt einstaklings-lokaverkefni var í báðum áföngum. Verkefnaskil voru ekki eins mikil og kennari hefði kosið og alltof algengt að nemendur völdu að sleppa heilu verkefnunum, af smærri verkefnum. Kennari myndi helst vilja setja skilaskyldu á öll verkefni í framtíðinni. (Má það?)

FÉL103/203/303: Símat með lotuprófum. Finnst það gagnast vel og nemendur ánægðir með það. Þau eru þá dugleg að rifja upp. Spurning að breyta prófuninni frá því að vera á blaði og yfir í tölvu og geta þá haft fjölbreyttari aðferðir til að spyrja með.

### **Námskeið sem kennarar hafa sótt**

SÁL203/313/403, KVK, LIM: Kennari var í námsorlofi fyrir tveimur árum. Lauk þá 60 einingum í HÍ og LHÍ. Að því er búið ennþá.

FÉL103/203/303: Námskeið á Möltu fyrir byrjun haustannar. Upplýsingatækni og notkun hennar í kennslu. Hefur nýst vel við að miðla efni á aðgengilegan hátt og að kynna fyrir nemendum nýjar aðferðir við verkefnavinnslu.

### **Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu og mat á þeim**

SÁL203/313/403, KVK, LIM: Blue-ray tækið reynist afar vel, hægt að spila bæði evrópska og ameríska kerfið á DVD diskum í því.

FJÖ103/203: Í fjölmiðlafræði valdi kennari að hafa kennsluna bókarlausu, en styðjast þess í stað við greinar, ljósritaðar og á neti, fyrirlestra og umræður í tímum. Öll dæmi sem unnið var með voru tekin úr fjölmiðlum og fjölmiðlaumræðum líðandi stundar. Það gafst vel og aldrei skortur á dæmum um efnispætti sem verið var að vinna með hverju sinni.

### **Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs**

SÁL203/313/403, KVK, LIM: Búið er að ákveða þá áfanga sem kenndir verða á næstu önn (sjá hjá áfangastjóra).

### **Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir**

SÁL203/313/403, KVK, LIM: Það þarf að kaupa stærra tjald í salinn. Skólayfirvöld vita af því og eru væntanlega að vinna í því.

FJÖ103/203: FJÖ-áfangarnir voru fámennir, bæði fyrir og eftir áramót. Og kenndir „skertir“ – þ.e. fjórar kennslustundir í stað sex í þriggja eininga áföngum. Það reynir verulega á sjálfstæði og vinnuaga nemenda við slíkar aðstæður og þeir réðu mjög mis-vel við það. EF

þarf að kenna „skert“ aftur seinna, er a.m.k. kostur að lenda í kössum í töflu sem dreifast á vikuna. FJÖ203 var kennd á fimmtudögum og föstudögum og tveir kennsludagar með svo stuttu millibili – og svo langri pásu á milli, nýttust illa.

Kostur væri að hafa aðgang að almennilegri vinnuaðstöðu með öflugum tölvum og forritum til fjölmiðlaframleiðslu í FJÖ.

FÉL103/203/303: Vildi hafa meiri möguleika á námsferðum með nemendurna þó þær kosti rútu. Hef upplifað að það sé ekki vinsælt, vona að það sé mistúlkun. Skólinn gæti líka beðið nemendur að vinna að verkefnum fyrir skólann, t.d. könnunum, viðhorfsgreiningum, þarfagreiningar og svoleiðis.

### **Annað**

SÁL203/313/403, KVK, LIM: Annars allt gott að fréttu.

SÁL103, UPP103: Nemendur fóru í hefðbundnar leikskólaheimsóknir sem mælast alltaf vel fyrir af nemendum jafnt og leikskólunum sjálfum sem ávallt bjóða þau velkomin og virðast fagna komu þeirra á hverri vorönn.

Aðrir kennarar sáu ekki ástæðu til að bæta neinu við, allt óbreytt hjá þeim.

Eyrún B. Magnúsdóttir  
Kennslustjóri samfélagsgreina

## 2.1.6 Starfsbraut

Kennslustjóri: Hörður Ásgeirsson

### **Kennarar deildarinnar, stundafjöldi**

Tuttugasta og fyrsta starfsári starfsbrautar lýkur nú á þessu vori. Kennt var í tíu hópum og voru skráðir nemendur haustannar 60 talsins en 57 á vorönn.

#### **Sérkennarar á starfsbraut voru:**

Anna Þóra Einarsdóttir,  
Guðmundur Björgvin Gylfason,  
Hulda Finnlaugsdóttir,  
Hörður Ásgeirsson,  
Jóhanna Guðjónsdóttir,  
Jóna Ingvarsdóttir  
Linda Rut Larsen.

#### **Stuðningsfulltrúar voru:**

Alma Sigurjónsdóttir  
Bergljót Einarsdóttir  
Brynhildur Geirsdóttir  
Ingveldur Jónsdóttir

Kennslu í verklegum greinum skólaárið 2013 – 2014 sinntu eftirtaldir:

Ágústa Ragnarsdóttir – myndlist – leirlist  
Ásdís Björg Ingvarsdóttir – íþróttir  
Borgþór Helgason - málsmíði  
Elínborg Arna Árnadóttir - hárgreiðsla  
Grímur Lúðvíksson - rafmagnsfræði  
Guðfinna Gunnarsdóttir – leikræn tjáning  
Guðriður Egilsdóttir – heimilisfræði  
Helga Jóhannesdóttir – hannyrðir  
Ingvar G Ingvarsson – málsmíði  
Lárus Bragason - skák  
Magnús Tryggvason - íþróttir  
Margrét J. Stefánsdóttir – heimilisfræði  
Sigríður Sæland – íþróttir  
Svanur Ingvarsson – trésmíði  
Sverrir G. Ingibjartsson - íþróttir  
Þorvaldur Guðmundsson – málsmíði  
Örlygur Atli Guðmundsson - tónmennt

Á atvinnulífsbraut voru í upphafi skólaárs 16 nemendur og kenndu eftirtaldir kennarar bóklegar greinar.

|  |                |
|--|----------------|
| Bryndís Guðjónsdóttir - íslenska           |                |
| Elín Una Jónsdóttir – íslenska             | 6 kest á önn.  |
| Eyvindur Bjarnason – stærðfræði            | 6 kest á önn.  |
| Guðfinna Gunnarsdóttir – enska             | 6 kest á önn.  |
| Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir - stærðfræði | 6 kest á önn.  |
| Kristjana Hrunð Bárðardóttir – enska       | 6 kest á önn   |
| Málfríður Garðarsdóttir – danska           | 12 kest á önn. |
| Rósa Marta Guðnadóttir – íslenska          | 6 kest á önn.  |

Kennslumagn í sérkennslu var að meðaltali um 275 kennarastundir eða um fjórtán stöðugildi á önn á starfsbraut og atvinnulífsbraut. Þar að auki voru stuðningsfulltrúar í sem svarar 300% stöðuhlutfalli.

### **Nújungar í kennsluháttum á skólaárinu.**

Kennslan á starfsbraut hefur tekið nokkrum breytingum að undanfögnu og tengist það einkum hugmyndum sem kviknað hafa í tengslum við ritun nýrrar námskrár. Nýir áfagnar hafa komið inn eða eldri áföngum verið breytt og þeir aðlagðir að breyttum aðstæðum.

### **Nújar kennslubækur og kennslugögn á árinu.**

Enn eykst notkun kennsluefnis á interneti og hefur undirritaður haldið áskrift að "skólavefurinn.is", en þar er töluvert af nýtilegu efni til sérkennslu. Kennarar starfsbrautar nýttu sér áfram þennan möguleika eins og verið hefur undanfarin ár. Kennarar starfsbrautar hafa verið iðnir við að sérútbúa og sérsníða námsefni sem hentar þessum breiða hóp nemenda okkar og því mikilvægt að hafa ætíð aðgang að góðu safni kennslubóka og öðru kennsluefni sem fyrst og fremst hentar grunnskólastiginu því það er þar sem leitað er fanga og fyrirmynda að kennsluefni á brautinni. Vefur Námsgagnastofnunar með útgefni námsefni á PDF formi hefur einnig verið gagnlegur við námsefnisgerðina. Töluvert var keypt inn af nýju námsefni á haustönninni sem nýttist vel til námsefnisgerðar. Allir kennarar starfsbrautar fóru á námsgagnasýningu í London á haustönninni og voru þar keypt námsgögn af ýmsu tagi sem einnig nýttust vel til kennslu og námsefnisgerðar á skólaárinu.

### **Námskeið og fyrirlestrar sem kennarar deildarinnar hafa sótt.**

Kennarar starfsbrautar hafa sótt ýmsar ráðstefnur og námskeið t.d. á vegum Proskahjálpar um atvinnumál fatlaðra. Kennarar sóttu námsstefnu um framhaldsnám og atvinnutækifæri fatlaðra sem haldin var í samvinnu Fjölmenntar og Fræðslunets Suðurlands. Nokkrir kennarar fóru á ráðstefnu um ADHD og sömuleiðis á ráðstefnu á vegum Greiningarstöðvar ríkisins um einhverfu, þá fóru allir sérkennarar skólans til London á ráðstefnu og kennslugagnasýningu sem sérsniðin er fyrir kennslu fatlaðra. Einstaka kennarar hafa einnig sótt fyrirlestra á vegum Sérkennarafélags Suðurlands ásamt því að fara á fyrirlestra hjá fagfélagi sérkennara í framhaldsskólum.

### **Úrbætur í þágu Starfsbrautar sem skólaáfirvöld gætu beitt sér fyrir.**

Eins og ég hef getið um hér áður er mikilvægt að fylgjast vel með þróun í sérkennslu á öllum sviðum og ekki sist þar sem tölvutæknin kemur við sögu. Miklar breytingar eru trúlega framundan í þeim efnum og ástæða til að fylgjast vel með í þeim efnum. Til er ein spjaldtölva sem sérstaklega er ætluð starfsbrautinni og er ástæða til að fjölga þeim umtalsvert en einnig hafa fartölvurnar sem ætlaðar eru starfsbrautinni nýst vel og ástæða til að fjölga þeim nokkuð. Árviss námsgagnakaup eru okkur kennurum nauðsynleg til að móða úr við námsgagnagerðina og því þarf að ætla nokkru fé til þeirra hluta.

### **Tillögur að starfsáætlun fyrir næsta skólaár.**

Starfsáætlun brautarinnar er í vinnslu þegar þetta er skrifað og því ekki endanlega ljóst hversu margir hópar verða á starfsbraut næsta skólaári. Ljóst er að nú þarf að ráða sérkennara í fullt starf fyrir næsta skólaár til kennslu á starfsbraut.

17 nemendur hafa þegar innritast á starfsbraut og atvinnulífsbraut og um tíu nemendur sem hafa sótt um aðrar brautir en eru með stjörnumerktar einkunnir í grunnskólanum og er unnið að því þessa dagana að kalla foreldra og nemendur í viðtöl til þess að fara yfir möguleikana í stöðunni. Nokkur hópur þessara nemenda kemur væntanlega á starfsbraut eða atvinnulífsbraut.

Kennslufyrirkomulag verður væntanlega með svipuðu sniði og verið hefur en undanfarið höfum við þó verið að máta okkur lítillega við fyrirhugaða námskrá sem

nú er í smíðum. Stuðst verður í megindráttum við leiðbeiningar námskrár um þrískiptingu hópsins í starfsbr. 1 – 2 og 3 eftir fötlunarstigi.

### **Sértækir námsörðugleikar.**

#### **Greining og ráðgjöf.**

Leit að nemendum með lestrarhömlur fór fram með líkum hætti og verið hefur mörg undanfarin ár. Allir nýnemar í íslensku þreyta lesskilningspróf sem notað er sem nokkurs konar skimunarpróf. Þeir nemendur sem ekki standast lágmarkskröfur á þessu prófi koma til frekari skoðunar hjá sérkennara. Alls komu milli 30-40 nemendur í viðtöl og greiningu á þessu skólaári og greindist um helmingur þeirra með mismunandi alvarlegan lestrarvanda. Auk þess er nokkuð um það að nemendur sem hafa verið greindir áður, komi í stuðningsviðtöl. Einnig leita foreldrar nýnema eftir ráðgjöf í framhaldi af greiningu.

Gott samstarf var við námsráðgjafa vegna greiningarinnar en umtalsverðan tíma hefur tekið að fara yfir önnur greiningargögn með námsráðgjöfum vegna nemenda með sértæka námserfiðleika á almennum brautum, viðtöl við foreldra þeirra og ráðgjöf um áframhaldandi nám

Nemendur sem greinast með leshömlur eiga rétt á þjónustu frá Blindrabókasafni Íslands (hljóðbækur) en eiga einnig rétt á ýmiss konar tilhliðrun varðandi próftöku, s.s. lengri próftíma, stækkað letur á prófum eða munnleg próf. Mikið hefur verið um það að próf hafa verið sett á PDF snið og nemendur tekið prófið beint í tölvu. Möguleikinn að lesa prófspurningarnar beint inn á skjalið hefur notið vaxandi vinsælda nú á síðustu önnum.

Nemendum með lestrarörðugleika gefst eins og kunnugt er kostur á að fá til notkunar fullkominn talgerfil sem nýtist mörgum afar vel. Talgerfillinn fæst hjá Blindrafélagi Íslands og geta einungis nemendur sem greindir hafa verið með lestrarörðugleika fengið aðgang að honum.

Gert á Selfossi þann 2. júní 2014.

---

Hörður Ásgeirsson,  
kennslustjóri í sérkennslu F.Su.

## 2.1.7 Tungumál önnur en enska

Kennslustjóri: Vera Ósk Valgarðsdóttir

Fagstjóri dönsku: Elísabet Valtýsdóttir

| Nafn kennara:                        |       | Haustönn                                  | Vorönn   |
|--------------------------------------|-------|---|--|
| <b>DANSKA</b>                        |       |   |  |
| <i>Brynja Ingadóttir</i>             | (BI)  | Dan 1026<br>Dan 2026                      | Dan 1026<br>Dan 2026   |
| <i>Elísabet Valtýsdóttir</i>         | (EV)  | Dan U936<br>Dan 212<br>Dan 303            | Dan 103<br>Dan 202<br>Dan 212<br>Dan 103 Grunnskólar                             |
| <i>Ída Løn</i>                       | (IL)  | Dan 1036<br>Dan 2036                      | Dan 2036<br>Dan 313<br>Dan 2036 Grunnskólar                                      |
| <i>Ingibjörg Ólöf Sigurðardóttir</i> | (IÓS) | Dan 1026<br>Dan U936                      |  |
| <i>Málfríður Garðarsdóttir</i>       | (MG)  | Dan 1036<br>Dan 1036 Grsk.<br>Dan S-hópar | Dan S-hópar  |
| <b>ÞÝSKA</b>                         |       |   |  |
| <i>Hannes Stefánsson</i>             |       | Þýs 103<br>Þýs 203<br>Þýs 303             | Þýs 203<br>Þýs 303<br>Þýs 403  |
| <i>Brynja Ingadóttir</i>             |       | Þýs 103<br>Þýs 403                        | Þýs 103  |
| <b>FRANSKA</b>                       |       |   |  |
| <i>Hrefna Clausen</i>                |       | Fra203<br>Fra 303                         | Fra303<br>Fra403<br>Fra 103 (í veikindaleyfi VV)<br>Fra 203 (í veikindaleyfi VV) |
| <i>Vera Ósk Valgarðsdóttir</i>       |       | FRA103<br>FRA403                          | FRA103<br>FRA203   |
| <b>SPÆNSKA</b>                       |       |   |  |
| <i>Gunnþórunn Klara Sveinsdóttir</i> |       | SPÆ103<br>SPÆ203<br>SPÆ523                | SPÆ203<br>SPÆ403<br>SPÆ503   |
| <i>Sigursveinn Már Sigurðsson</i>    |       | Spæ 103<br>Spæ 303<br>Spæ 403             | SPÆ103<br>SPÆ203<br>SPÆ303   |

### Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

**DÖNSKUDEILD.** Dan U-936: Kennnd var kennslubókin „Pá vej“ sem kom út í endanlegri útgáfu haustið 2013. Kennarar eru ánægðir með hana, en textar þykja bæði hentugir og fjölbreyttir. Allir færniþættir eru þjálfaðir í fjölbreyttum verkefnum.

Allir dönskukennarar reyndu í flestum hópum sínum að tala oftar við nemendur sína á dönsku bæði í litlum hópum og einnig við einn og einn nemanda í einu. Það tókst misvel enda verða aðrir nemendur að vinna sjálfstætt á meðan án aðstoðar kennara. Mikil ánægja var með þetta þar sem vel tókst til og í framhaldi af því er stefnt á að kennari hitti nemendur reglulega með þessum hætti einu sinni í viku. Markmiðinu má ná t.d. með því að nota einn tíma í viku til að taka einn lítinn hóp í einu fram á gang, alls 4 – 5 hópa í viku.

Vel hefur gengið að láta nemendur taka upp samtal /eintal og senda kennara með tölvupósti. Það

gera þeir ýmist með því að taka upp á snjallsímana sína eða í tölvu með forritinu [www.vocaroo.com](http://www.vocaroo.com) og senda svo afraksturinn til kennarans. Þannig er hægt að fá fleiri einkunnir fyrir munnlega færni án þess að eyða miklum tíma í það í kennslustundum að hlusta á einn eða tvo í einu. Kennari getur hlustað og metið árangurinn þegar honum hentar.

Í sumum áföngum var unnið með stórt þema í kringum skáldsögunnar. Með því var lögð áhersla á glósuþekkingu í tengslum við sögunnar.

IL fór einu sinni í kvikmyndahús með 313 (kvikmyndaáfangi). Nemendur áttu í kjölfarið að vinna stórt verkefni, sem fólst í að bera saman dönsku kvikmyndina og eina aðra mynd. Nemendur þurftu ekki að mæta á sama tíma og kennarinn í kvikmyndahúsið, en þess var krafist að þeir færu til að sjá hana.

IÓS var með kennaranema í dönsku í einum áfanga á haustönn og IL með sama kennaranemann á vorönn. Það gekk mjög vel enda um mjög færan danskan mann að ræða sem náði mjög vel til nemenda, og hann var mjög áhugasamur um kennsluna.

Í S-hópunum er reynt að gera nemendur meðvitaða um hvernig þeir eru sem manneskjur og hvaða áhrif þessi sjálfsþekking hefur á velgengni þeirra í námi. Reynt er að stuðla að því að nemendur viti hvernig þeim henti best að vinna. S-hóparnir gera áætlun fyrir hverja viku miðað við þessa nýju sjálfsþekkingu sína, og raða niður verkefnum út frá því á hvaða tíma dagsins þau eru unnin. Nemendur læra að gera sér grein fyrir að það er betra að vinna erfiðari verkefni þegar maður er vel upplagður og saddur.

Nemendur í 203 lögðu fyrir könnun í skólanum varðandi viðhorf nemenda til mögulegs skólabíós. Vegna verkfalls var ekki unnt að vinna úr henni.

**FRÖNSKUDEILD.** 303/403 kenndir saman á haustönn. Ekki góður valkostur sem e.t.v. má skrifast á reynsluleysi kennara í því að kenna tvo áfanga saman. Erfitt að leggja inn nýja hluti fyrir 303 á meðan 403 áttu að vinna aðra vinnu og öfugt. Þarf allavega að hugsa þetta öðruvísi næst. Hér gæti t.d. spegluð kennsla (e. flipped classroom) komið að góðum notum og væri því upplagt að fá námskeið fyrir kennara í þeirri kennsluaðferð.

**SPÆNSKUDEILD.** Kennarar fóru í náms- og menningarferð til Spánar í október með 19 nemendur. Gist var í Granada og í Málaga. Kennarar hafa hug á að efla tengslin við Spán og fara þangað aftur með nemendur, en þá á öðrum forsendum, og reyna að finna samstarfskóla þar í landi.

**ÞÝSKUDEILD.** Kennslubókin IDEEN var notuð í ÞÝS103. Hún reyndist ekki vel, einfaldlega of létt og of lítill og ópraktískur orðaforði í henni, einnig þótti framsetning efnis í bókinni ekki góð, svo ákveðið var að taka Schritte upp að nýju á vorönn 2014. Hópurinn sem byrjaði með Ideen hélt áfram með hana til vors og kláraði þá bók. Sá hópur fær svo nýtt efni í 303.

Í 303 var engin léttlestrarbók lesin, einungis í 203 og 403.

Í október kom þýsk stúlka í tíma hjá Þýs303. Hún sagði frá Þýskalandi og Þýsku skólakerfi á móðurmáli sínu. Þetta mæltist vel fyrir.

Kennslubókin Schritte var tekin upp að nýju í 103 á vorönn. Í 203 var haldið áfram með Ideen til vors, sem sagt lokið við fyrsta heftið, en á haustönn 2014 verður kennd Schritte 3 í Þýsku 303.

Vegna verkfalls var öllu viðbótarefni sleppt, t.d. var engin bíómynd sýnd og engir myndbandsþættir og engin spil eða leikir notaðir í kennslu. Í byrjun vorannar var þó sýnd myndin Die Welle í Þýsku 403.

### **Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum**

**DÖNSKUDEILD** - Verfall á vorönninni hafði áhrif á yfirferð og námsmat. Nokkur próf og ýmis verkefni voru skorin niður, og víða var farið hraðar yfir.

Kennarar hafa haldið áfram að vera með jafnara mat á færniþáttunum fjórum en áður var.

Í S-hópunum er kennari sífellt að prófa sig áfram með kennslu- og matsaðferðir, enda byggist áfanginn á einstaklingsbundinni kennslu. Þar hefur tekist mjög vel að aga nemendurna sem í byrjun kunnu ekki að vinna. Nemendur koma inn í kennslustofuna og taka upp námsdótið sitt og byrja að vinna.



Enn hafa orðið breytingar á vægi á grunnskólaprófunum, en lokaprófið hefur 100% vægi fyrir utan hlustunarpróf og munnlegt próf sem nemendur skila af sér áður.

**FRÖNSKUDEILD.** Kennarar halda enn í þá ákvörðun að vera með skriflegt lokapróf í öllum áföngum, fyrir alla. Horfið hefur verið frá þeirri venju undanfarinna ára að gefa nemendum kost á að sleppa við lokapróf nái þeir 9 í vetrareinkunn. Til þess að sú einkunn gefi raunsanna mynd af getu nemandans þarf námsmatið yfir önnina að vera þétt og mjög markvisst þar sem prófað er úr öllum færniþáttum. Samkvæmt evrópska tungumálarammanum (A1-C2) á lokapróf í erlendu tungumáli að sýna fram á raunverulega kunnáttu og skilning nemanda á tungumálinu.

Skriflega prófið skal byggja að mestu á skilningi á rituðu máli (ýmis textaskilningur úr rauntextum, s.s. fyrirmæli, smáauglýsingar, tölvupóstur o.s.frv.) og ritun (svara umsóknum, tölvupóstum, biðja um upplýsingar um nám, hótelpantanir o.s.frv.).

Verkfall kennara setti vissulega mark sitt á vorönnina og hafði áhrif á námsmat að einhverju leyti. Annareinkunn gildi t.d. minna en kom fram á kennsluáætlun og málfræðiþátturinn vó þyngra en til stóð í upphafi.

**SPÆNSKUDEILD.** Lokapróf eru í 103, 203 og 303 og efri áfangar eru símatsáfangar.

**ÞÝSKUDEILD.** Lokapróf; skriflegt, munnlegt og hlustun, var í öllum áföngum þýskunnar eins og venja er.

Verkfallið hafði áhrif á námsmat. Munnlegum prófum var sleppt í 103 og 203 en nemendur skiluðu munnlegu verkefni á hljóðskrá í staðinn í þýsku 103. Nemendur notuðu símana sína eða forritið [www.vocaroo.com](http://www.vocaroo.com) sem þau gátu nálgast í moodle. Þetta form verkefnaskila gafst mjög vel.

Í 403 var lokaprófi sleppt vegna verkfallsins og áfanginn því símatsáfangi. Nemendur tóku þó lokapróf í hlustun og ritun og einnig munnlegt próf.

### **Námskeið sem kennarar hafa sótt**

**DÖNSKUDEILD.** IL sótti námskeiðið „Ressource orienteret færdighedstræning“ í fjóra daga í nóvember 2013. Námskeiðinu er ætlað að styrkja fólk í starfi.

Í ágúst 2013 sótti IL einnig námskeið í tölvunotkun í kennslu á Möltu, en slík námskeið þykja virka mjög hvetjandi á starfsanda þátttakenda.

EV sótti ráðstefnuna „BETT“ í London í janúar 2014 þar sem hún kynnti sér m.a. ýmis tölvuforrit sem nýtast vel í tungumálakennslu.

**FRÖNSKUDEILD.** HC og VV tóku þátt í námskeiði á vegum FFÍ (Félag frönskukennara á Íslandi). Námskeiðið var haldið í Bordeaux í Frakklandi, dagana 9.-16. júní 2013. Námskeiðið bar yfirskriftina Stage de formation formateur FLE. Viðfangsefni voru eftirfarandi: greining á raunefni, teiknimyndasögum, dagblöðum og notkun þeirra í frönskukennslu. Einnig var unnið með málefni líðandi stundar í frönsku málsamfélagi og óformlegt málsnið í talmáli. Þátttakendur voru hvattir til að nýta sér nýja kennsluhætti.

STÍL, Samtök tungumálakennara á Íslandi, var með námskeið sem fjallaði um námsmat í ljósi nýrrar aðalnámskrár, einkum það að aðlaga námsmat í tungumálum Evrópuramma (CEFR rammanum). Námskeiðið var í raun í tveimur hlutum. Fyrst var námskeið í prófagerð skv. umræddum Evrópuramma og sóttu það 2-4 fulltrúar hvers erlends tungumáls og var VV meðal þeirra. Leiðbeinendur komu frá Tungumálamiðstöðinni í Graz, Austurríki. Hið síðara var n.k. vinnulota í hverju fagfélagi og voru þeir sem sóttu fyrra námskeiðið nokkurs konar verkstjórar á því. Þar var próf hannað sem tók alfarið mið af Evrópska tungumálarammanum. Þennan vinnufund sóttu bæði HC og VV. Sjá nánar grein í síðasta tölublaði tímaritsins Málfríðar sem var gefið út vorið 2014.

**SPÆNSKUDEILD.** SMS fór á á ráðstefnu í ágúst 2013 um upplýsingatækni í skólum. Var það þó mjög grunnskólamiðað og Apple-miðað, og hefur það því ekki nýst beint í vetur. GKS fór á eTwinning námskeið síðastliðið haust og fræddist um uppbyggingu eTwinning verkefna sem gætu nýst í framtíðinni.

**ÞÝSKUDEILD.** Þann 10. janúar 2014 sóttu BI og HS námskeið á vegum Félags þýskukennara. Kennari frá Goethe Institut í Berlín kenndi á námskeiðinu og færði kennurum dýrmæt kennslugögn í þýsku þar sem Berlín er meginþemað.

### **Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu**

**DÖNSKUDEILD.** Á hverri önn breytist fjölritað hefti með smásögum fyrir 303, mismikið eftir önnum. Nýtt hefti var búið til fyrir Dan 313, endurnýjað frá grunni. Heftið virkaði vel, en verður endurskoðað fyrir vorönn 2015 m.a. vegna þess að það vantar pláss fyrir nemendur til að skrifa.

**FRÖNSKUDEILD.** Á haustönn voru áfangarnir FRA303 og 403 kenndir saman. FRA403 las Litla prinsinn/Le petit prince og vann ýmis verkefni, skrifleg sem munnleg. Nemendur kunnu vel að meta bókina sem um aldamótin síðustu var valin bók aldarinnar í Frakklandi.

Scénario, ný kennslubók var tekin í gagnið á haustönn í FRA103. Á vorönn var hún því kennd í FRA 103 og 203 og mun þannig smám saman leysa Latitudes af hólmi.

**SPÆNSKUDEILD.** Kennarar hættu að nota léttlestrarbækur í 303 og 403. Illa hafði gengið að vekja áhuga nemenda á þeim, voru þeir óánægðir með þessar bækur. Kennarar munu vinna áfram að því að finna og nota texta sem nemendur hafa áhuga á og nýtast vel til kennslu.

**ÞÝSKUDEILD.** Á haustönn var tekin í notkun kennslubókin Ideen. Á vorönn var Schritte tekin upp að nýju í þýsku 103 eftir aðeins tvær annir með Ideen.

### **Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs**

**DÖNSKUDEILD.** Viðbótarlaunaprep hefur góð og hvetjandi áhrif á kennara. Skólinn gæti boðið upp á valkvætt námskeið allan veturinn sem kennarar sækja, gjarnan kennslufræðitengt, en gæti líka haft það markmið að styrkja kennarann andlega.

Mælt er með að tölvusérfræðingar skólans geri skipulega úttekt á gæðum netsambands í hverri kennslustofu, t.d. með því að heimsækja stofurnar á meðan á kennslu stendur. Talsvert ber á umkvörtunum vegna hægagangs án þess að kennarar séu í hvert sinn að senda tölvupóst um vandamálið til umsjónarmanna tölvukerfis. Það er að æra óstöðugan að standa í því í hvert sinn sem netsamband er hægt.

**FRÖNSKUDEILD.** Skólaárið 2014-2015 mun VV vera í launalausum leyfi frá kennslu við FSu. Frönskukennslan mun því alfarið hvíla á herðum HC.

Ljóst er að allir frönskuáfangarnir að undanskildum FRA103 verða kenndir skertir á haustönn 2014 vegna nemendafæðar í frönsku. Kennari þarf því að skipuleggja áfangana upp á nýtt með það að markmiði að skerðingin bitni sem minnst á námi nemenda. Mikilvægt er þó að ekki verði slegið af þeim kröfum sem gerðar eru til frönskukennslu í framhaldsskóla, skv. námskrá.

**ÞÝSKUDEILD.** Stefnt verður að Berlínarferð með nemendur í október 2014 í framhaldi af námskeiðinu 10. Janúar 2014.

Kennarar þriðja tungumáls þurfa að endurvekja reglulega samráðsfundi og auka faglegt starf og samráð innan hópsins.

Þýskukennurum þykir eftirsjá að fimmhundruð áföngum í þýsku. Æskilegt væri að nemendur gætu tekið samtímis 403 og 503.

Endurnýja þarf heyrnartól hjá tungumálakennurum. Ein heyrnartól þyrftu að vera við hvert skrifborð því að nemendur skila í auknum mæli verkefnum á hljóðskrá. Ekki velja þau ódýrustu!

**SPÆNSKUDEILD.** Vinna meira með virkan orðaforða nemenda. Nýta tæknina til að auðvelda nemendum ýmsar hliðar námsins. Auka vægi menningar hins spænskumælandi heims í öllum áföngum. Prófa okkur áfram með speglaða kennslu. Finna samstarfsskóla á Spáni fyrir nemendaskipti.

#### **Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir**

**DÖNSKUDEILD.** Tungumáladeildirnar óska eftir því að hver kennari um sig eignist vandað heyrnartól sem nýtist við yfirferð á munnlegum verkefnum. Þau tól sem til eru í dag eru ýmist brotin eða samanlímd og eru óþægileg og ekki nógu vönduð til þeirrar notkunar sem þeim er ætlað. Það er bagalegt í ljósi þess að nemendur skila sífellt fleiri munnlegum verkefnum með þeim hætti sem áður er lýst.

Ísskápur á Bollastöðum er orðinn allt of lítill til að rúma nesti starfsmanna ásamt mjólkurbirgðum kaffistofunnar. Við teljum tímabært að skólinn fjárfesti í stærri ísskáp sem leysir þann gamla af hólmi.

Nemendur geta leitað til námsráðgjafa, en kennarar hafa engan fagmenntaðan aðila sem þeir geta leitað til þegar þeir þurfa að fá leiðbeiningar eða aðstoð vegna erfiðra mála í kennslustofunni. Það er æskilegt að kennarar hafi aðgang að sálfræðingi/atferlisfræðingi þegar þeir þurfa á stuðningi að halda.

Dæmi er um að vinnustaðir hér á landi standi fyrir hreyfingarátaki á meðal starfsmanna sinna. Oft er um samkeppni að ræða þar sem starfsmenn geta unnið til verðlauna vegna framúrskarandi árangurs. Það mætti kannski skoða að gera eitthvað í þeim dúr í FSu.

**FRÖNSKUDEILD.** Frönskudeild telur afar brýnt að skólasamfélag FSu taki strax höndum saman í því að stuðla að agaðri vinnubrögðum nemenda og starfsfólks. Nemendur eru mjög meðvitaðir um réttindi sín, en síður um skyldur gagnvart skólanum (námi, vinnubrögðum, framkomu, umgengni o.s.frv.). Þetta hefur leitt til þess að kennarar finna æ meira fyrir losaragangi og virðingarleysi. Fjöldi opinna vottorða er mikill og eykst jafnt og þétt með árunum. Þó sjálfsagt sé að koma til móts við þarfir þeirra nemenda sem sökum veikinda þurfa á opnum vottorðum að halda, má slíkt þó aldrei leiða til minni námskrafa og þar með verðfellingar á því námi sem stundað er við skólann. Skilaboðin sem nemendur fara með út í þjóðfélagið eiga ekki að vera þau að í lagi sé að slugska og fá endalaus „sjensa“. Í seinni tíð hafa m.a.s. háskólakennarar kvartað yfir slælegum vinnubrögðum sem og tilætlunarsemi nemenda. Við þessu verður að bregðast og þarf skólasamfélagið að vera stöðugt á tánum með gagnrýnni hugsun og samræðu.

Deildin leggur til að skólayfirvöld standi fyrir námskeiði í speglaðri kennslu (e. flipped classroom) eins og nefnt hefur verið. Slík kennsla kæmi öllum til góða og gæti án efa nýst vel í sk. „skertum“ áföngum. Þegar er farið að þróa þetta kennsluform í einhverjum framhaldsskólum landsins og nokkrir kennarar farnir að fikra sig áfram í þessum nýju kennsluháttum.

**SPÆNSKUDEILD.** Skólinn þyrfti að kaupa orðabækur fyrir nemendur, bæði spænsk-íslenskar, sem og íslensk-spænskar. Þær eru aðgengilegar á snara.is, en ekki er víst að allir nemendur eigi fartölvu. Kennarar spænskudeildar ítreka þá ósk sína að spænskustofan (stofa 202) verði notuð eingöngu fyrir spænskukennslu.

**ÞÝSKUDEILD.** Bæta þarf tölvukost skólans sem og auka hraða netsins.

## **Annað**

### **DÖNSKUDEILD**

Dönskudeildin leggur til að stefnt verði að kaupum á ýmsum forritum sem nýtast í tungumálakennslu. Eitt slíkt er nútímaleg útgáfa af málveri, þar sem nemendur þjálfa framburð sinn. Kennari getur hlustað á einn í einu eða tvo tala saman. Það eru fleiri möguleikar fólgnir í þessu forriti og getur EV veitt nánari upplýsingar um það.

### **ÞÝSKUDEILD.**

Skertur áfangi í þýs403: Kennari var með nemendum tvo tíma af þremur. Þriðja tímanna unnu nemendur sjálfstætt, en efni þess tíma var skipulagt í Moodle. Í þessum tímum áttu nemendur oftast að vinna skrifleg verkefni, hlustunarverkefni og verkefni í lesskilningi og skila þeim verkefnum öllum. Fljótlega jókst bilið milli nemenda, sumir skiluðu alltaf öllu á réttum tíma, aðrir skiluðu stopult eða jafnvel alls ekki.

Skertur áfangi er að okkar áliti framkvæmanlegur fyrir þá nemendur sem eru vanir því að skipuleggja vinnu sína, en þeir sem þurftu aðhald og aðstoð nýttu sér lítið eða ekki stöðtíma þrátt fyrir hvatningu frá kennara og drógust því aftur úr.

**FRÖNSKUDEILD.** Deildin ítrekar enn fyrri uppástungu sem kom fram í skýrslu síðasta árs að bjóða upp á nýjan valáfanga sem kalla mætti, „TUNGUMÁL“ (sjá síðustu skýrslu). Hugmynd um útfærslu þessa áfanga ætti vel heima í námskrárvinnu komandi vetrar hér við skólann.

Enn sem fyrr eru frönskukennarar uggandi um stöðu síns tungumáls við skólann. Þeir eru sannfærðir um að skólinn verði fátækari ef franskan fellur niður sem valkostur þriðja tungumáls. Tímabært er að skoða markvisst hvaða ástæður búi að baki vali nemenda á þriðja tungumáli og hvort þær ástæður séu á rökum reistar. E.t.v. er svarið að finna í of miklu misræmi í námsmati tungumálanna þriggja og því e.t.v. nauðsynlegt að samræma það betur og aðlaga að kröfum sem gerðar eru um námsmat skv. Evrópska tungumálarammanum (CEFR). Til að byrja með mætti snemma á næsta skólaári leggja fyrir nemendur rafræna könnun um hvers vegna þeir hefðu valið eða ætla að velja tiltekið þriðja tungumál.

*FSu, í maí 2014.*

*f. hönd kennara í dönsku, frönsku, spænsku og þýsku  
í fjarveru Veru Valgarðsdóttur, kennslustjóra  
Elísabet Valtýsdóttir, fagstjóri í dönsku*

## 2.2 Svið: Stærðfræði, raungreinar, starfsmenntir, listir og íþróttir

Sviðsstjóri: Ægir Sigurðsson

### 2.2.1 Hestamennska

Fagstjóri: Sigríður Pjetursdóttir

| Nafn kennara:                            | Áfangi/ar<br>haustönn | Áfangi/ar<br>vorönn  |
|--|-----------------------|--|
| Sigurður Torfi Sigurðsson                | JÁR201                | JÁR101<br>JÁR301   |
| Sigríður Pjetursdóttir                   | HEM 302<br>HEM 103    | HEM402<br>HEM202<br>HEM 111<br>HEM 211<br>VIN 116<br>VIN 216 |
| Sissel Tveten og<br>Freyja Hilmarsdóttir | REM 103<br>REM 303    | REM203<br>REM403   |

#### Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

HEM 103, 202, 302, 402 voru með nokkuð hefðbundnu sniði. Ekki var eins mikið um sýnikennslu á þessu tímabili eins og verið hefur en reynt var að tengja efnið milli HEM og REM eftir fremsta megni. Verkfallið setti stórt strík í reikninginn á vorönn. Því var reynt að hafa stór verkefni fyrir verkfall og ekki gafst tími fyrir aukaefni og var því tæpt á stóru á vorönn.

Í REM og HEM kom Heiðrún Halldórsdóttir í nokkra tíma með Pilates-kennslu og sætisæfingar.

REM var einnig með nokkuð hefðbundnu sniði á haustönn, en á vorönn var aðeins annað upp á teningnum vegna verkfalls. Þar var nefnilega haldið áfram kennslu í REM203 og REM403. Til að koma til móts við nemendur mættu þau einungis einn morgun í viku og kláruðu 3 kennslutíma í stað þess að mæta 3 sinnum yfir vikuna. Þetta fyrirkomulag hentaði mjög vel, vinnustundirnar nýttust miklu betur og var meiri vinnuró yfir nemendum. Hinsvegar er einnig galli að ná ekki að þjálfa nokkru sinnum yfir vikuna, t.d. til að æfa sig fyrir verkefni eða próf. Svo að þessu fyrirkomulagi fylgdu bæði kostir og gallar.

Vinnustaðanámið (VIN áfangar) var kennt á vorönn sem helgarnámskeið og fór vel fram. Að kennslunni komu allir kennarar á brautinni. Enn var farið í að endurbæta námsgögn og ferilsbækur.

JÁR áfangarnir gengu sinn vanagang.

#### Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

HEM102, HEM202, HEM302 og HEM402 – í þessum áföngum voru lögð fyrir nokkur einstaklingsverkefni og kaflapróf. Þessi hluti gildir 40% á móti 60% lokaprófi.

Á vorönn (HEM202 og 402) taka nemendur þátt í veigamiklu verkefni þar sem að þau hjálpa til á Meistaradeildinni í Hestaþróttum og skila inn greinagerðum eftir mótin. Þetta verkefni er mjög lærdómsríkt og hefur reynst vel ;)

REM: Fleiri stöðupróf og verkefni á árinu og lækkað vægi á lokaprófi.

JÁR: Námsmat fer eftir mætingum en til að standast áfangann þarf nemandi að mæta og taka virkan þátt í námskeiðinu a.m.k. 75% af tímanum.

### **Námskeið sem kennarar hafa sótt**

Sigríður: Sótti endurmenntun Knapamerkjaprófsdómara og á eigin vegum endurmenntun Gæðingadómara, endurmenntun Íþróttadómara og fjölda reiðnámskeiða. Tók alþjóðlegt FEIF dómaraþróf í Kronshof í Þýskalandi og hlaut í kjölfarið alþjóðleg dómaraþéttindi.

Sigurður Torfi: Sótti nokkur námskeið á eigin vegum: Járningaþing og ráðstefna um járningar þar sem kennari var einn af þátttakendum í sýningum.

Sissel: Endurmenntun Knapamerkjaprófsdómara. Einnig reiðnámskeið og Pilates kennsla ekki á vegum skólans.

Freyja: Sótti reiðnámskeið og Pilates kennslu ekki á vegum skólans.

### **Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu**

Í HEM var áfram stuðst við Knapamerkjabækurnar en ljósrít úr bókum og blöðum ásamt því að kennslumyndbönd Eyjólfss Ísólfssonar og önnur myndbönd voru notuð sem ítarefni. Bókasafnið pantaði inn mikið af nýju efni, gerðist m.a. áskrifandi af Eiðfaxa, ásamt því að kaupa inn nokkur myndbönd.

Í Vinnustaðanáminu liggja nú fyrir ný gögn sem nálgast má á skrifstofu skólans eða hjá Sigríði.

### **Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs**

Stefnt er að því að halda að mestu formi fyrri ára fram á næstu önn en þá verður vonandi komin mynd á það hvernig framhald brautarinnar lítur út. Þá munum við sjá einhverjar breytingar og vonandi verður þá keyrð Stúdentsbraut í Hestamennsku.

### **Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir**

Það þyrfti að fjárfesta í verkfærum fyrir JÁR áfangana.

Einnig þyrfti að endurnýja reiðtygi þá aðallega hnakka. Reynt verður að hafa samband við söluaðila og sjá hvort að þeir sjái sér fært að lána hnakka inn í skólann. Þar gætu söluaðilar t.d. prófað nýjar týpur af hnökkum og skipt út af vild.

Enn mætti bæta tengingu milli Votmúla og FSU. Það þarf að finna einhverja leið fyrir kennarana í hestamennsku sem að kenna alltaf utan FSU að vera meira tengdir inni skólann. Það er áhugi fyrir því á báða bóga þannig að það ætti bara að vera svona framtíðarverkefni hjá okkur ☺

### **Annað**

Stefnum að því að gera brautina að stúdentsbraut og í því hefur legið mikil vinna á önninni. Margir vinnufundir haldnir til að endurskipuleggja alla hestabrautina í samstarfi við FNV á Sauðárkróki. Lögð hafa verið fram drög að stúdentsbraut í Hestamennsku – en ekki hafa enn komið viðbrögð frá ráðuneyti.

## 2.2.2 Listgreinar, hússtjórnargreinar og íþróttir

Kennslustjóri: Guðríður Egilsdóttir

### Íþróttadeild

| Nafn kennara:             | Haustönn        | Vorönn          |
|---------------------------|-----------------|-----------------|
| Ásdís Björg Ingvarsdóttir | HBF 103         | ÍÞR 102         |
|                           | ÍÞR 102         | ÍÞR 202         |
|                           | ÍÞR 201         | ÍÞR 211         |
|                           | ÍÞR 371         | ÍÞR 301         |
| Magnús Tryggvason         | ÍÞR 101         | ÍÞR 111         |
|                           | ÍÞR 102         | ÍÞR 201         |
|                           | ÍÞR 201         | ÍÞR 211         |
|                           | ÍÞR 371         | ÍÞG 172         |
| Ragnheiður Eiríksdóttir   | ÍÞR 3J1         | ÍÞR 3J1         |
|                           | ÍÞR 4J1         | ÍÞR 4J1         |
| Sigríður Sæland           | ÍÞR Starfsbraut | ÍÞR Starfsbraut |
|                           | SKY 101         | SKY 101         |
| Sverrir Ingibjartsson     | ÍÞF 102         | ÍÞF 203         |
|                           | ÍÞF 222         | ÍÞR 102         |
|                           | ÍÞG 132         | ÍÞR 202         |
|                           | ÍÞG 152         | ÍÞR 331         |
|                           | ÍÞR 102         | ÍÞR 381         |
|                           | ÍÞR 321         | ÍÞS 112/122     |
|                           | ÍÞR 3Ú1         | ÍÞR Litla Hraun |
| ÍÞS 102/112               |                 |                 |
| ÍÞR Litla Hraun           |                 |                 |

### **Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu**

Á þessu skólaári var bóklegum íþróttaaðföngunum fækkað úr fjórum einnar einingar áföngum niður í tvo tveggja eininga áfanga. Það þýðir að nú er þessum fjórum bóklegu íþróttaeiningum lokið á einu ári í stað tveggja og nemendur geta því valið sér íþróttir eftir áhugasviði strax á öðru ári.

Á vorönn gerðu Sverrir og Ásdís tilraun með að gefa virkni- og mætingareinkunn tvisvar á önninni, um miðja önn og svo aftur í lok annar. Notuðu þau einkunnarbók í moodle til að koma einkunnum til skila. Telja þau að það hafi jákvæð áhrif á mætingu og virkni nemenda. Ásdís tók upp þá nýbreytni að kenna hluta kennslutíma í ÍÞR 301 í Sportstöðinni hér á Selfossi. Þar gafst nemendum kostur á að reyna sig í spinning og body pump. Sportstöðin lánaði aðstöðuna endurgjaldslaust.

### **Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum**

Í verklegum íþróttum er eingöngu um símat að ræða. Þar gildir mæting frá 40-70%.

Í bóklegu íþróttunum er einnig um símat að ræða nema þar er endað á litlu lokaprófi í síðasta kennslutíma annarinnar. Lokaprófið gildir 30% af lokaekunn.

Lokapróf, í próftöflu, var í ÍÞF 203 og vó 50% af lokaekunn.

### **Námskeið sem kennarar hafa sótt**

Sverrir fór á námskeið í vetrarfjallamennsku sem haldið var af Ferðafélagi Íslands.

### **Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu**

Ný kennslubók og verkefnabók var tekin í gagnid í ÍPR 102 og 202. Með henni fylgir vinnubók sem nemendur skila. Moodle verkefnin verða því lögð til hliðar, að minnsta kosti um stund.

### **Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs**

Á næstu önn stendur til að fara af stað með nýjan íþróttaáfangar þar sem gengið verður yfir Fimmvörðuháls. Gengið verður þann 7. september og gisti eina nótt í skála Útivistar í Básam. Ákveðið var að bjóða alltaf uppá ÍPR 301 til að koma betur á mótis við þá sem vilja stunda líkamsrækt án keppni og boltaleikja

### **Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir**

Hugsanlega mætti gera betri aðstöðu fyrir þá sem koma hjólandi í skólann, en sá hópur fer vaxandi. Fjölga mætti hjólastöndum og jafnvel reisa yfirbyggt skýli fyrir hjól þannig að hjól séu þurr (þó hann rigni) þegar hjóla á heim.

Sverrir Geir Ingibjartsson  
fagstjóri íþróttadeildar

### **Hússtjórnardeild**

| <b>Nafn kennara:</b>  | <b>Áfangi/ar<br/>haustönn</b>      | <b>Áfangi/ar<br/>vorönn</b>                     |
|-----------------------|------------------------------------|---|
| Margrét Stefánsdóttir | MAT173-1 hópur<br>MAT1S3-2 hópar   | MAT173-1 hópur<br>MAT1S3-2 hópar                |
| Guðríður Egilsdóttir  | MAT1732 -3 hópar<br>MAT1S3-1 hópur | MAT173-3 hópar<br>MAT1Ú3-1 hópur<br>Sogn MAT173 |

### **Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu**

Notuðum nýja tékklista þar sem nemendur skráðu inn aðferðir í bakstri og eldun. Það fór vel af stað.

### **Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum**

Símat. 1 verkefni sem var margþætt og 1 könnun.

### **Námskeið sem kennarar hafa sótt**

Guðríður sótti námskeið í febrúar 2014 hjá endurmenntun HÍ þar sem skoðað voru áhættuþættir nú eða ávinningur á LKL fæði.

Vann að gerð nýrrar námskrá fyrir grunnnám ferða og matvælagreina veturinn 2013-2014. Einnig var hún í hópi kennara sem unnu að nýrri námskrá fyrir framhaldskóla veturinn 2013-2014.

Vann við að taka í raunfærnimat í matartækni, félags-leikskólaliða hjá Fræðsluneti Suðurlands.

Margrét kynnti sér sushi og pastagerð.



## Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Notuðum nýtt kennsluefni frá Lýðheilsustöð fyrir orkuefni, vítamín-steinefni og ráðlagða dagskammta.

Efni um neyslu og umbúðanotkun hjá fjölskyldum um víða veröld.

Ásamt nýju efni um matreiðslu á veraldraefnum.

## Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Tímar í matreiðslu eru allt of stuttir með innlögnum, verklegri matreiðslu, matmálastíma og frágangi, við erum mjög aðþrengdar með tíma og sífellt að reka á eftir nemendum. Þessir stuttu tímar verða til þess að fljótlegir réttir verða fyrir valinu og ekki gefst tíma til flóknari rétta og innlögna verður allt of stutt.

## Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Það er aðkallandi að byrja grunnnám ferða og matvælagreina í FSu. Í haust og þó fyrir hefði verið ☺ við sem ætlum að taka á móti miljónum ferðamanna á suðurlandi á næstu árum þurfum fagmenntað fólk í ferða og matvælagreinum.

Við vinnu að nýrri námskrá á næsta ári þarf að passa upp á að verklegt nám sé fjölbreytt í FSu.

Guðríður: Útikennsla er á hrakhólum með aðstöðu við hæfi.

Útiöldunar áhöld eru geymd í geymslu í Hamri, þar er allt fullt af geymsludóti frá öðrum, áhöld hafa látið á sjá og í vor þurfti að losa út geymsludót svo hægt væri að komast að áhöldum.

Lundurinn okkar ljúfi var eins og öskubakki nánast í allan vetur.

Guðríður fór með nemendur á eigin bíl á staði í bæjarfélaginu þar sem hægt var að elda, en þar sem tíminn var mjög stuttur við þetta varð minna úr kennslu en oft áður í útiöldun.

Eftir verkfall fór Addi og hreinsaði vel svæðið og kennarar gátu haldið því þökkalegu fram að skólalokum.

Með sól í hjarta ☺

Margét Stefánsdóttir

Guðríður Egilsdóttir

## Jóga

Ragnheiður Eiríksdóttir

ÍPR3J12

ÍPR3J12

ÍPR4J12

ÍPR4J12

## Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu og mat á þeim

Kennsluhættir voru með hefðbundnum hætti þennan vetur.

## Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Námsmatið í ÍPR3J12 er vel heppnað og var með sama hætti og áður. Í ÍPR4J12 var breyting á verkefnum þannig að 1 stórt verkefni var lagt fyrir frekar en 2 minni. Var það vel heppnað.

## Sálfræði og kvikmyndaáfangar

|              |                  |                  |
|--------------|------------------|------------------|
| Árni Blandon | Sál313<br>Sál203 | Sál203<br>Sál403 |
| Árni Blandon | Kvk113<br>Lim103 | Lim203<br>Kvk203 |

### **Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu og mat á þeim**

Allra besta nýjungin á skólaárinu var að fá blue-ray tæki í salinn. Nú er hægt að fara að panta blur-ray diska sem eru í miklu meiri gæðum en DVD diskar. Það þýðir að hægt er að færa skjávarpann lengra frá tjaldinu. En þá stendur á því að ekki er komið stærra tjald í salinn (sjá neðar).

### **Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum**

Símat notað. Mat mitt er að það reynist vel.

### **Námskeið sem kennarar hafa sótt**

Kennari var í námsorlofi fyrir tveimur árum. Lauk þá 60 einingum í HÍ og LHÍ. Að því er búið ennþá.

### **Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu og mat á þeim**

Blue-ray tækið reynist afar vel, hægt að spila bæði evrópska og ameríska kerfið á DVD diskum í því.

### **Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs**

Búið er að ákveða þá áfanga sem kenndir verða á næstu önn (sjá hjá áfangastjóra).

### **Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir**

Það þarf að kaupa stærra tjald í salinn. Skólayfirvöld vita af því og eru væntanlega að vinna í því.

### **Annað**

Annars allt gott að fréttu.

## Leiklistaráfangar

LEK103 – haust

LEK103 og LEK273 – vor

### **Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu og mat á þeim**

Haldnir voru opnir tímar sem gafst vel. Einnig gerðu nemendur gjörninga sem að skiluðu sér í mjög frjóum og skemmtilegum niðurstöðum. Samkennsla var á vorönn (lek1037273) sem kom vel út.

### **Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum**

Blandað símat og lokaverkefni.

## Námskeið sem kennarar hafa sótt

Sérnámskeið í leikstjórn sumarið 2013 undir stjórn Rúnars Guðbrandssonar

## Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Ef að verkefnið Þjóðleikur fer af stað síðla hausts, þá væri gaman að bjóða upp á áfanga í kringum það verkefni líkt og gert var vorið 2013

## Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Nú hefur leiklist verið að festast í sessi sem valgrein hjá nemendum, GG telur mikilvægt að leiklist fái að teljast sem kjörsvið upp á 9 einingar. Það hjálpar til við þróun námsins og nú þegar eru til nemendur sem hafa klárað 9 einingar í leiklist.

## Annað

GG er mjög spennt að fá að taka þátt í að búa til sterka listabraut við skólann í tengslum við nýja námsskrá.

Guðfinna Gunnarsdóttir

## Textíldeld

|                         |                  |                  |
|-------------------------|------------------|------------------|
| Helga Jóhannesdóttir    | THL103<br>THL136 | THL103<br>FAT1S3 |
| Kristín Sigurmarsdóttir | THL173<br>THL136 | THL173<br>THL203 |

## Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu og mat á þeim

Ekki tókst að samræma sýningaráform áfanganna THL103 Fatahönnun (grunnur) og THL203 Fatahönnun (fóðrun og jersey) vegna tímaskorts. Kíkt í bakspegil sér maður að togstreita er og verður á milli þess verklega og þess bóklega = engan veginn nægur tími til að nema fræði, um leið og reynt er að ná uppskeru á verklega sviðinu. Löngun, þörf og markmið „að kynna afurð sína fyrir markaði“ tapaði fyrir þeirri staðreynd að önnin og tímarnir voru **of fáir**, enda fimmtán daga, bókstaflegt tap vegna verkfalls.

Við náðum þó áhrifamiklum vettvangsferðum, m.a. að kynna Njálureflinun á Hvolsvelli og þrjónastofu í uppsveiflu á sama stað á haustönn. Á vorönn var farin ferð á höfuðborgarsvæðið og m.a. þegin leiðsögn um hönnunarsýninguna „Eruð þér tilbúin frú forseti“.

Annar hönnunarhópurinn náði að kynna afrakstur hönnunar sinnar fyrir útvöldum starfsmönnum á Bollastöðum í annarlök. Sýningarskápurnir stendur eftir, en hann gefur deildinni kost á að kynna starfsemi deildarinnar fyrir þátttakendum í útskriftarveislu í skólalök.

### **Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum**

Áfram notuðust báðir kennarar deildarinnar við símat í Excellforriti, þar sem samræmt mat, sem er u.þ.b. 30% bóklegt og 50% verklegt nám, metið jafnóðum. Þar á meðal svonefnt „20% nýting tímans“, sem fer fram í dagbókarformi hvers hóps fyrir sig.

### **Námskeið sem kennarar hafa sótt**

Í júníbyrjun voru báðir kennarar deildarinnar skráðir á námskeið í japanskri sniðagerð á vegum EHÍ og Fatex, Félags fata- og textílkennara í framhaldsskólum. Helga tók þátt, Kristín forfallaðist á síðustu stundu, en Helga kynnti henni námskeiðið og færði henni tilheyrandi gögn.

Báðir kennarar deildarinnar hafa verið og eru mjög virkir í félaginu Fatex (Félag textílkennara á framhaldsskólastigi), til dæmis er Kristín gjaldkeri félagsins síðan um 2004.

### **Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu og mat á þeim**

Ekkert nýtt, nema e.t.v. það að nota Bollastaði fyrir kynningu á verkefnum í THL103 fatahönnun.

### **Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs**

Halda áfram að leita leiða til að nýta takmarkaðan tíma áfangakerfisins til sem mests gagns fyrir áhugasama fatahönnuði og/eða saumtækna framtíðar !

Leita leiða til að kynna nytsamlegan og verklegan áfanga í boði í FSu fyrir nemendum almennt og foreldra þeirra.

### **Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir**

- Muna eftir því að allir ganga í fötum alla ævi, frá fyrsta degi til síðasta. Og að til þess að viðhalda þeim, njóta þeirra og jafnvel öðlast atvinnutækifæri í gegnum þennan stóra lið hagkerfis okkar, halda þá áfram að endurnýja okkar aldraða véla- og tækjakost.
- Taka eftir og virða þennan einstaka möguleika á verklegu námi í FSu, fyrir þá sem hafa áhuga á „mjúku efnunum“ eins og t.d. vefjarefnum/textílum, þegar kemur að því að vinna að nýrri námskrá á næsta ári.
- Veita fjármagni í kynningar á verklegum greinum, til dæmis sameiginleg kynning allra verklegra greina innan skólans.

### **Kór FSu**

Nafn kennara:

Áfangi/ar

Órlygur Atli Guðmundsson

kór 1012,2012, 3012, 4012, 5012, 6012

### **Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu**

Hef haldið svipuðum kennsluháttum og áður tíðkuðust.

### **Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum**

Miðannarmat og svo lokapróf þar er merkt S eða F eftir því sem við á.

**Námskeið sem kennarar hafa sótt**

Hef sótt kórstjórnarnámskeið á árinu sem er að líða.

**Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu**

Ný lög úr ýmsum áttum

**Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs**

Allar dagsetningar verði klárar í upphafi annar hvað varðar tónleika og æfingabúðir.

**Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir**

Er sáttur við àherslur skólayfirvalda.

**Annað**

Spennandi vetur /starfsár framundan hjá kórnum 2014/2015. Til stendur að gefa út geisladisk er spannar þau rúm 30 ár er kórinn hefur starfað. Fyrirhuguð er utanlandsferð til Ítalíu þann 27. mars og einnig þátttaka kórsins í risatónleikum framhaldsskólakóra í Hörpunni. Þar fyrir utan jólatónleikar, Vortónleikar, og aðrar upptakomur er kórinn stendur fyrir og söngur við brautskráningar skólans.

**Bestu kveðjur**

**Örlygur Atli**

### 2.2.3 Raungreinar

Kennslustjóri: Ronald B. Guðnason

| Nafn kennara:           | Áfangi/ar<br>haustönn                | Áfangi/ar<br>vorönn                  |
|-------------------------|--------------------------------------|--------------------------------------|
| Ronald Björn Guðnason   | EÐL103<br>EÐL303<br>EÐL102<br>NÁT123 | EÐL103<br>EÐL203<br>JAR113           |
| Aníta Ólöf Jónsdóttir   | NÁT 113                              | NÁT 113<br>JAR 103                   |
| Ólafur Einarsson        | NÁT103<br>LÍF103                     | NÁT103<br>LÍF103<br>LÍF203           |
| Jón Grétar Hafsteinsson | EFN103<br>NÁT123                     | EFN103<br>EFN203<br>NÁT123<br>NÆR103 |
| Katrín Guðjónsdóttir    |                                      | EFN303                               |
| Úlfur Björnsson         | LAN103<br>JAR213<br>LAN303           | NÁT123<br>LAN103<br>JAR203           |
| Örn Óskarsson           | LÍF213<br>LÍF233<br>NÁT113<br>JAR103 | LÍF223<br>NÁT103<br>JAR103           |

#### Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu og mat á þeim

Á vorönn prófaði Ronald „flipped classroom“ í EÐL103 og setti fyrirlestra á Netið sem heimanám og sinnti nemendum í tímum á formi einstaklingsbundins náms. Þetta fyrirkomulag hentar mjög vel en hefur vissan ókost ef nemendur sinna ekki heimanámi, þ.e. horfa ekki á fyrirlestrana. En ekki á námið einungis að eiga sér stað í kennslustofunni, þannig að ekki er um beinan ókost að ræða. Nemendur þurfa meiri sjálfsaga að horfa á fyrirlestur heima frekar en að gera verkefni heima sem þeir verða að skila. Þeir þurfa nefnilega ekki að skila áhorfinu og þar með er einhver þrýstingur hjá þeim horfinn.

Aníta prófaði að vera ekki með glærur, bara fyrirlestur og skrifa punkta uppá töflu. Það reyndist ágætlega, nemendur voru virkari í tímum og glósuðu. Þessi aðferð tók þó mun lengri

tíma. Er enn ekki búin að ákveða hvort hún muni nota sömu aðferð næst eða hvort hún finnur nýja aðferð.

Í vor aftur tekið þátt í International Student Carbon Footprint Challenge (<http://footprint.stanford.edu/>) ásamt þeim skólum sem eru með í Sustainable Island (SUSI) verkefninu (<http://iesnuevaisletatonygallardo.org/SUSI/>) – ÓE.

### **Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum**

Lokapróf í EÐL103, EÐL203 og EÐL303, einnig í öllum LÍF og NÆR áföngum en símat í EÐL102 og öllum NÁT, JAR, EFN, LAN og LÍF áföngum. Reyndar voru síðustu lotupróf í sum náttúrufræðiaföngum á vorönn í próftöflu vegna tíma sem vantaði út af verkfallinu.

### **Námskeið sem kennarar hafa sótt**

Ronald heimsótti *Nýlegar uppgötvanir um sólkerfið og Stjörnuhimininn og stjörnuskoðun*. Einnig virkur þátttakandi í menntabúðum sem Ester Ýr stendur fyrir á suðurlandi fyrir náttúrufræðikennara á mismunandi skólastigum.

Aníta fór á hluta úr námskeiði sem heitir Náttúruvísindi á 21. öldinni um vistheimt sem var mjög áhugavert og langar henni að hefja kennslu á áfanga sem fjallar um það viðfangsefni.

Ólafur heimsótti vistfræðinámskeið á vegum Samlíf. Hann heimsótti ráðstefnur Líffræðifélagsins og Vistfræðifélagsins og ennfremur á International Swan Symposium 2014.

Jón Grétar sótti *Undur sólkerfisins* hjá endurmenntunarstofnun H.Í. heim.

Úlfur valdi sér námskeið í myndvinnslu október 2013, námskeið um stjörnuskoðun nóvember 2013 og sótti 6 fyrirlestra um náttúrufræðileg rannsóknarefni hjá HÍN í Háskóla Íslands.

### **Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu og mat á þeim**

Ronald útbjó vinnubækur, bæði fyrir EÐL103 og EÐL203 sem nemendur nota til þess að leysa verkefni. Einnig eru glósur og sýnidæmi í vinnubókunum, sérstaklega í EÐL103. Þetta leiddi til þess að kennari lét þau ekki lengur kaupa dýra eðlisfræðibók á ensku í 103-áfanganum, enda var það reynsla kennarans að sú bók var aldrei lesin heldur bara notuð til að reikna dæmi eftir.

Ný líffræðikennslubók *Almenn líffræði* eftir Ólaf Halldórsson í NÁT103 var tekin í notkun sem reyndist ekki vel.

### **Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs**

Draumurinn í eðlisfræði er að samræma kennsluefni og fyrirlestra á rafrænan hátt, þannig að hvati til þátttöku verði meiri og efnið aðgengilegra.

### **Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir**

Aníta kemur með þá hugmynd að það gæti verið spennandi fyrir FSu að verða Grænfána skóli, margir nemendur koma úr þannig grunnskólum og gott væri að viðhalda góðum síðum sem þar eru þegar þeir koma í framhaldsskóla.

Mjög erfitt er að hafa marga nemendur í verklegum tímum í líffræði. Þegar nemendur eru yfir 20 eru það alltof margir til þess að hægt sé að sinna þeim almennilega! Í verklegum tímum ættu hópar ekki að vera stærri en 15 nemendur. Nú er hópunum skipt upp þannig að helmingur er í verklegu og hinn hlutinn í verkefnum. Við þannig aðstæður næst ekki að sinna

þeim sem eru í verkefnum þar sem einungis er hægt að aðstoða og leiðbeina þeim sem eru í verklegu.

Auka mætti vettvangsvinnu í NÁT103 ef fjárhagur leyfir.

Hafa ætti hæfilega hópastærðir í raungreinaáföngum. Fyrir hrun var miðað við að hópar væru ekki stærri en 20 nemendur.

### **Annað**

Úlfur tók þátt í samstarfi um verkefni í Comeniusaráætlun EES. Samstarfið nær til 7 skóla í jafn mörgum löndum Evrópu.

Katrín kom ný inn sem stundarkennari og kenndi að uppskrift Esterar Ýr. Ekki er annað að sjá að þetta takist vel hjá henni.

Starfsandinn var að venju góður, yndislegt samstarfsfólk.

### **2.2.4 Starfsnám (viðskipta-, sjúkraliða- og upplýsingagreinar.)**

**Kennslustjóri: Íris Þórðardóttir**

| <b>Nafn kennara:</b>        | <b>Áfangi/ar haustönn</b>                       | <b>Áfangi/ar vorönn</b>   |
|-----------------------------|---|---|
| Ragnar Geir Brynjólfsson    | TÖL103<br>TÖL203<br>TÖL303<br>TÖL113            | TÖL103<br>TÖL203<br>TÖL303<br>TÖL113                            |
| Eysteinn Óskar Jónasson     | UTN-103<br>UTN-203                              | UTN-203<br>UTN-203  |
| Ingunn Helgadóttir          | VIÐ103<br>HAG103                                | VIÐ113<br>STÆU93  |
| Elínborg Arna Árnadóttir    |   | HÁR 172 AB<br>HÁR272-s  |
| Þórey Hilmarsdóttir         | BÓK103<br>VIÐ143                                | BÓK103<br>HAG113  |
| Íris Þórðardóttir           | VIN203<br>HJÚ303/403<br>LOL203<br>SJÚ203<br>STÞ | VIN303<br>LOL103<br>STÞ<br>LYF103<br>SÝK103<br>SIÐ102<br>HJÚ503 |
| Anna Guðríður Gunnarsdóttir |   |   |

### **Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu og mat á þeim**

**Eysteinn** segir að ekki hafi verið um breytingar á kennsluháttum á skólaárinu, en ákveðið að breyta allverulega námsefni á næsta skólaári.

Engar nýjungar á þessu ári segir **Íris** – þetta er í annað sinn sem hún kennir bók Bryndísar Þóru í lyf103 og hafði ekki lokapróf – heldur kaflapróf og það kom mjög vel út og ljóst að það verður gert aftur þannig.



**Ingunn** segir: Þar sem þetta er mitt fyrsta kennsluár eru nýjungar í minni kennslu engar/ eða allt nýjungar. Ég tel þrátt fyrir það að kennslan hafi gengið vel og er sátt við mitt starf eftir veturinn. Ég hef verið að útbúa kennslumyndbönd og setja inn á sérstakan vef sem ég hlakka mikið til að prófa á nemendum næsta vetur.

**Ragnar** segir: Engar nýjungar voru kynntar til sögunnar á skólaárinu enda verður að taka tillit til þess að mikil þróunarvinna hefur átt sér stað á undanförunum árum í framleiðslu kennsluefnis fyrir netið og í innleiðingu nýjunga. Sumt af þessu efni er orðið gamalt og þarfnast endurnýjunar.

### **Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum**

**Arna** er með eins námsmat í báðum áföngum.

Einstaklingsmat og umsögn. Þar sem mæting er 60%

Virkti í tímum 10%, samskipti 20%, vinnumappa með verkefnum annar 10%

**Pórey** er með sína áfanga í símati, engin lokapróf.

Hjá **Írisi** er Vin alltaf verklegt á deildum og metið þar. Þetta er góð blanda, próf og próflaust hjá henni og **Önnu Guðríði** á sjúkraliðabrautinni.

Lokapróflaust er í síð102, hjú403 og lyf103 í fyrsta en ekki í seinasta sinn

**Eysteinn** notaðist sem fyrr við svokallað símat, en í áföngunum er verkefnavinnsla aðal þátturinn. Tvö próf eru á önninni þess utan, annað úr Word, hið síðara úr Excel. Verkefnaskil úr Word-hluta metin á 35% af einkunn, en Excelskil 30%. Krafist hefur verið lágmarksskila verkefna 80% í hvorum hluta (aðeins gefin 35% fyrir 100% skil, en 0% fyrir 80% skil).

Hjá **Ragnari** er námsmat óbreytt frá síðustu önn, þ.e. Áfangar eru með 80% skriflegu lokaprófi nema TÖL303 sem er með 20% munnlegu prófi. Próftími var stytur aftur í 90 mínútur því nemendur sem þurfa lengdan próftíma fá sérúrræði.

Á haustönn mættu allir nemendur í lokapróf hjá **Ingunni**. Það gekk bara bærilega, en á vorönn var hún með símat og gátu þeir nemendur sem voru yfir ákveðinni meðaleinkunn sleppt lokaprófi. Að hennar mati var þetta mikil hvatning fyrir nemendur en þeir kepptust við að halda meðaleinkunninni í lagi. Örfáir nemendur þurftu að taka lokapróf.

### **Námskeið sem kennarar hafa sótt**

**Elínborg Arna** segist ekki hafa sótt nein námskeið á þessari önn en lært svo ótal margt í þessu nýja starfi sínu..

**Íris** hefur setið í rússneskunámskeiði eftir áramót á vegum Mímis í Rvk.

**Ragnar** segir að því miður hafa ekki verið endurmenntunarnámskeið í boði í hans fagi sem hafa höfðað til hans. Þau námskeið er helst að finna hjá tölvufyrirtækjum en þau eru yfirleitt dýr. Hann hefur sótt nokkuð af tækniráðstefnum og kynningum. Einnig hefur hann farið þá leiðina að kaupa fræðibækur og er búinn að koma sér upp tölvubókasafni. Vinnuástaða hans batnaði til muna þegar hann fékk aðstöðu í Iðu síðsumars 2013. Hann festi kaup á bókahillum og kom skipulagi á bækurnar.

**Ingunn** segist ekki hafa setið neitt námskeið, aðeins verið í háskólanum með vinnu.

### **Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu og mat á þeim**

**Elínborg Arna** segir að þar sem áfangarnir eru frumsamdir og í þróun eru enn ekki til neinar kennslubækur. En þó nýtir hún ýmislegt gamalt og nýtt efni á netinu.

**Pórey** var ekki með kennslubók í Við143 (viðskiptalögfræði). Þróaði það á þann hátt að nota vef Alþingis sem uppsprettu við vinnu í áfanganum.

Ákveðið hafði verið hjá **Eysteini** að uppfæra Microsoft Office 2010 í Office 2013 á vorönn 2014 og því pantaðar bækur fyrir þann pakka sem var nokkuð breyttur. Á síðustu stundu var

svo hætt við uppfærsluna svo að nota þurfti nýju kennslubókina við eldri Office-pakkann. Skapaði þetta nokkur óþægindi fyrir nemendur og kennara, en bjargaðist allt fyrir horn.

**Ragnar** segir: Í frístundum og þegar lítið var að gera á vorönn 2014 hélt ég áfram skrifum á minni fjórðu kennslubók, en það er bókin “Forritunarverkefni úr sögu dulritunar”. Sú bók er hugsuð fyrir lengra komna nemendur í TÖL203 og TÖL303. Ég sótti um námsleyfi 2013 til að vinna að bókinni en var synjað sem þýðir að þróun bókarinnar verður hæg. Það er þó nógu mikið efni komið í handrit bókarinnar til að nota í TÖL303 áfanganum og því þarf ekki að byggja hann upp með samtíningi verkefna.

**Ingunn** kenndi Markaðsfræði 1 eftir Ásgeir Valdimarsson. Hún mun ekki kenna þessa bók aftur nema hún verði leiðrétt og löguð.

### **Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs**

**Elínborg Arna** vill þróa þá áfanga sem hún kenndi í Hárgreiðslu, bæta og breyta og segist vera með fullt af skemmtilegum og skapandi hugmyndum sem auka getið fjölbreytni valáfanga í skólanum.

**Eysteinn** segir að fyrirhugaðar séu miklar breytingar á kennsluefni næstu anna og mun nýr kennari UTN sjá um starfsáætlun þar að lútandi, en undirritaður hættir störfum nú í lok líðandi annar.

**Ragnar** stefnir á að leggja niður áfangann TÖL113 gagnasafnsfræði frá og með vorönn 2015. Hlutfallslega lítil eftirspurn er eftir honum og meiri vinna við yfirferð verkefna heldur en í TÖL103-203-303 forritunarlínunni. Með upptöku nýrrar námsskrár mun framhaldsskólinn stytta og því verða minni þörf fyrir staka áfanga með sértæku efni.

**Ingunn** hefur mikinn áhuga á að nota kennslumyndbönd til að styðja við þá nemendur sem þurfa meiri hjálp en aðrir. Hún telur að kennslumyndbönd geti komið að góðum notum í hagfræðinni þar sem útreikningar koma við sögu. Þá geta nemendur sem missa úr kennslu, reynt að vinna upp glataðan tíma með hjálp myndbandanna.

### **Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir**

**Ragnar** leggur til að hafa TÖL103-203-303 forritunarlínuna í boði á sem flestum námsbrautum, ekki bara tölvu- og margmiðlunarbraut. Þá mun hugsanlega nægur fjöldi nemenda velja áfangana svo ekki reynist nauðsynlegt að kenna þá í dreifnámi sem miðast við fámenni.

**Íris** vonast til að fá geymslunni breytt í verknámsstofu fyrir haustið – vask og að þurfa ekki að byrja og enda alla verknámstíma á því að burðast með borð og stóla til að búa til pláss fyrir rúmin og draga þau svo fram. Mikil hagræðing, tíma- og vinnusparnaður.

### **Annað**

**Íris og Anna Guðríður** harma að hafa þurft að fella niður málstofu útskriftarnema – þar sem sjúkraliðanemar sem eru að brautskrást kynna lokaverkefni sín. En vegna verkfalls fannst ekki tími fyrir það. Mun vonandi verða næst vor 2016.

## 2.2.5 Stærðfræði

Kennslustjóri: Ólafur Bjarnason

### Kennsluskipting

Skólaárið 2013-2014 var skipting stærðfræðikennslunnar eins og taflan hér fyrir neðan sýnir. Ellefu kennarar kenndu stærðfræði á haustönn og tólf á vorönn. 4 af þessum kennurum voru í fullu starfi við stærðfræðikennslu á báðum önnum.

| <b>Nafn kennara:</b>  | <b>Áfangi/ar<br/>haustönn</b>                                | <b>Áfangi/ar<br/>vorönn</b>                       |
|---|--|---|
| Eyvindur Bjarnason  | Stæ U93  |   |
| Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir   | Stæ S-hópur<br>Stæ 122<br>Stæ 262<br>Stæ S-hópur<br>Stæ 303  | Stæ S-hópur<br>Stæ 203<br>Stæ 262<br>Stæ S-hópur  |
| Hallgrímur Hróðmarsson  | Stæ 102  | Stæ U93   |
| Ingunn Helgadóttir  |  | Stæ U93   |
| Ingvar Bjarnason  | Stæ 103<br>Stæ 202   | Stæ 202<br>Stæ 203                                |
| Auk þess hafði Ingvar umsjón með fjarnámi grunnskólanema í Kjartan Ólason | Stæ 102<br>Stæ U93   | Stæ 103 á haustönn.<br>Stæ 122                    |
| Magnús Másson   | Stæ 122<br>Stæ 202<br>Stæ 203                                | Stæ 102<br>Stæ 122<br>Stæ 303                     |
| Ólafur Bjarnason  | Stæ 102<br>Stæ 313   | Stæ 102<br>Stæ 313<br>Stæ 413                     |
| Renata Lis  | Stæ 403<br>Stæ 503<br>Stæ 703                                | Stæ 403<br>Stæ 503<br>Stæ 603                     |
| Skúli Halldórsson   | Stæ 203<br>Stæ 303<br>Stæ 403                                | Stæ 303<br>Stæ 403                                |
| Úlfur Björnsson   | Stæ<br>Ýmsir áfangar<br>á Sogni                              | Stæ<br>Ýmsir áfangar<br>á Sogni                   |
| Ægir Sigurðsson   | Stæ 213<br>Stæ 262<br>Stæ<br>Ýmsir áfangar<br>á Litla Hrauni | Stæ 122<br>Stæ<br>Ýmsir áfangar<br>á Litla Hrauni |

### **Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu**

Nokkrir kennarar deildarinnar héldu áfram að nota „Wolfram Alpha“ og „GeoGebra“ til stuðnings við hefðbundna kennslu. Þetta eru tölvuforrit sem hægt er að nálgast ókeypis á netinu og hafa reynst góð hjálpartæki við stærðfræðikennslu. Nú er að koma nokkur reynsla á notkun „GeoGebra“ og hefur Guðbjörg Helga verið þar í fararbroddi. Hefur hún kynnt notkunarmöguleikana fyrir öðrum starfsmönnum deildarinnar.

Áfram var notað Moodle kennslukerfið. Nokkrir kennarar í deildinni hafa tileinkað sér þetta kerfi og láta vel af.

Þá hafa kennarar nýtt sér excel og ýmis smáforrit ásamt videomyndum af Internetinu til stuðnings við kennsluna.

Á haustönn tilraunakenndi Ægir Sigurðsson nýjan áfanga í stærðfræði. Áfangi þessi er 3 ja eininga áfangi, Stæ213 hannaður af Ægi sjálfum. Hann er eingöngu kenndur í tölvustofu þar sem unnið er með töflureiknisforritið excel. Þessi tilraun tókst vel og verður aftur boðið uppá þennan áfanga á haustönn 2014.

Hallgrímur Hróðmarsson kennari í stæU93 upplifði kennarastarfið á nýjan og öðruvísi hátt en áður. Nú þurfti að beita mun meiri einstaklingshjálp en í efri áföngum sem skilaði sér í ánægðari og þakklátari nemendum.

### **Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum**

Í stærðfræðiáfanganum U93 var námsmat byggt upp á ástundun og vandvirkni 20%, stöðupróf á önn 20% og lokaprófi 60%. Til að fylgja eftir þættinum um ástundun og vandvirkni skoðuðu kennarar vinnubækur nemenda með reglubundnum hætti. Þetta virtist vera hvetjandi fyrir nemendum og hefur vafalítið skilað einhverju í bættum námsárangri.

Sami háttur var hafður á í áfanganum stæ 102, nema að þar gildi lokapróf 70% á móti ástundun/vandvirkni 10% og stöðupróf/heimadæmi 20%.

Í áföngunum stæ U93, stæ102 og stæ122 var ákvæði í kennsluáætlun, þar sem gert var ráð fyrir að nemandi sem uppfyllti 75% námsmarkmiða annarinnar gæti ef hann vildi sleppt lokaprófi. Nokkrir nemendur tóku þessari áskorun í þessum áföngum. Þetta fyrirkomulag er þannig að virka mjög vel a.m.k. í sumum tilvikum.

Í áfanganum stæ103 var haustönninni skipt uppí 3 námslotur. Hverri námslotu lauk með lotuprófi. Nemandi sem lauk öllum þremur lotunum með a.m.k. 65% árangri gat, ef hann vildi, sleppt lokaprófi að því tilskildu að hann hafi staðið skil á öðrum verkefnum s.s. heimadæmum og hafði verið vel virkur í námi alla önnina. Ef nemandi stóðst ekki námskröfur lotuprófanna þurfti hann að taka lokapróf sem gildi 70% á móti annareinkunn sem gildi 30%.

Í stæ203 var hafður sami háttur á og í stæ103, nema krafist var 75% námsárangurs í lotuprófum.

Í stæ213 byggðist námsmat á einstaklings- og hópverkefnum 70% og 3 stöðuprófum 30%.

Í áfanganum stæ 413 var skiptingin þannig núna að lokapróf gildi 70% á móti verkefnum annarinnar sem giltu 30%. Verkefni annarinnar voru: Tölvuþáttur 10% og tvö hópverkefni, Verkefni A 5% og Verkefni B 15%. Vegna 3 ja vikna verkfalls varð að minnka umfang hópverkefnis B, lokaverkefnis, og gildi það aðeins 15% sem hefur áður verið 25%. Eins var ekki tími til að prófa sérstaklega tölvuþáttinn.

Í öðrum áföngum voru haldin hefðbundin lokapróf þar sem vægi lokaprófs var yfirleitt 80% eða 60% á móti verkefnaskilum annarinnar sem voru þá 20% eða 40%.

### **Námskeið sem kennarar hafa sótt**

Námstefna Flatar, félags stærðfræðikennara var haldin í Borgarnesi dagana 20.-21. september 2013. Einn stærðfræðikennari úr skólanum Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir sótti námstefnuna þessa daga. Aðal fyrirlesari námstefnunnar var Steve Watson frá Nottinghamháskóla í Bretlandi. Hann fjallaði um verkefnaþemað nám í stærðfræði (þrautalausnir), þar sem hann bar saman aðstæður í Bretlandi og á Íslandi. Einnig var Breki Karlsson með áhugavert erindi um fjármálalæsi. Kynnti hann m.a. „Aflatún“ sem er kennslufni fyrir 6 til 18 ára sem tvinnar saman fjármálalæsi, samfélagsábyrgð og frumkvöðlafræði. Kennslufni þetta er notað í yfir 90 löndum um allan heim og er í reynslu í nokkrum skólum á Íslandi.

Guðbjörg Helga sótti einnig grunnnámskeið í tölvuleikjaforritun hjá SKEMA í ágúst 2013 og E-Twinning fyrir stærðfræðikennara víða í Evrópu, haldið á Hótel Sögu s.l. haust. Þá hefur Guðbjörg verið í 5 eininga námi nú á vorönn 2014 við H.Í. í GeoGebra-námsefnisgerð.

Ingunn Helgadóttir stundar nú meistaranám í kennslufræðum framhaldsskóla við Menntavísindadeild H.Í. Þar hefur hún m.a. lagt stund á gerð kennslumyndbanda í stærðfræði sem hún hyggst prófa í kennslu á næstu haustönn.

Föstudaginn 23. maí var haldinn fræðslufundur í Stærðfræðideild F.Su. Þar kynntu þær Guðbjörg Helga og Ingunn möguleika GeoGebro og myndbanda í stærðfræðikennslu. Mjög góð mæting var á fundinn, allir stærðfræðikennarar skólans og rúmlega það voru mættir. Var þetta mjög góður og áhugaverður fundur.

### **Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu**

Á báðum önnum var notuð kennslubókin Stæ 103(2012) eftir Jón Þorvarðarson í áföngunum stæ102, stæ103 og stæ122. Að mati þeirra kennara sem kenndu þessa áfanga reynist þessi bók nokkuð vel.

Í áföngunum stæ202, stæ203 og stæ262 var notuð á báðum önnum bókin stæ 202 eftir Jón Þorvarðarson o. fl.

Á haustönn 2013 var gerð tilraun með breytt námsefni í stæ303. Notuð var bókin STÆR3AN sem er námsefni frá M.H. Þetta efni var einnig notað á vorönn 2014.

Fyrirhugað er að nota námsefni frá M.H. á næstu haustönn bæði í stæ303 og stæ403.

Í efri áföngum var notað námsefni eftir Jón Hafstein Jónsson o. fl.

### **Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir**

Halda má á lofti í þessu sambandi skoðun stærðfræðikennara á núverandi eyktaskipan. En þeir telja sem kunnugt er að í stærðfræðikennslu væri mun heilladrýgra að vera með fjórar 55-60 mínútna kennslustundir á viku. Velta má fyrir sér hvort eitthvert samband er á milli lengd kennslustunda og brottfalls.

Nauðsynlegt er að ávallt séu aðstæður hvað varðar húsakost og búnað til stærðfræðikennslu sem bestar.

### **Tækjakostur**

Á báðum önnum var séð til þess að lágmarksbúnaður væri til staðar í öllum kennslustofum þar sem stærðfræði er kennd skv. ábendingum í skýrslu fyrir skólaárið 2006-2007. Búnaður þessi var endurnýjaður á haustönn 2012. Lágmarksbúnaður er í öllum stofum þ.e. góð reglustika, hringfari og gráðubogi ásamt rúðustrikuðum töflum.

## **Annað**

Þann 8. október 2013 fór fram Stærðfræðikeppni framhaldsskólanema 2013-2014(forkeppni). Keppnin fór fram á tveimur stigum, neðra stigi fyrir nemendur á 1. og 2. ári framhaldsskóla og efra stigi fyrir nemendur á 3. og 4. ári. Við FSu tóku þátt 3 nemendur, einn á efra stigi og tveir á neðra stigi. Keppendur af öllu landinu voru í kringum 400 á báðum stigum. Enginn af þessum þremur nemendum náði þeim árangri að komast áfram í keppninni.

Mörg undanfarin skólaár hefur verið starfrækt stuðningskennsla í stærðfræði við skólann. Á undanförunum skólaárum hefur þessi kennsla verið veitt frá miðri önn til loka annar. Þá hefur verið miðað við að miðannarmat lægi fyrir.

En á vorönn 2010 var tekin upp ný eyktaskipan þar sem þrisvar í viku var stoðtími í ½ klst. í senn á mánud., miðvikud, og fimmtud. Á haustönn voru þessir tímar kl. 11,05 en á vorönn kl. 15,30. Þessir tímar komu m.a. í stað hefðbundinna stuðningstíma í stærðfræði. Ekki eru skjalfestar nákvæmar upplýsingar um notkun þessara tíma á haustönn, en á vorönn var notkun þeirra skráð. Ljóst er að notkun stoðtímanna er nokkur, en þó mismunandi eftir áföngum. En eigi að síður telja liðsmenn deildarinnar stoðtímana nauðsynlega.

Þann 14. nóvember 2013 var haldinn Samráðsfundur grunn- og framhaldsskólakennara. Fundurinn var haldinn í Fjölbrotaskóla Suðurlands á Selfossi. Þátttakendur voru kennara í kjarnagreinum, dönsku, ensku, íslensku og stærðfræði við F.Su. og 9 grunnskóla á Suðurlandi. Eftirtaldir grunnskólar sendu fulltrúa á fundinn: Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri, Bláskógaskóli, Flúðaskóli, Grunnskólinn á Hellu, Grunnskólinn í Hveragerði, Grunnskólinn í Þorlákshöfn, Laugalandsskóli, Sunnulækjarskóli og Vallaskóli. Kennarar á fundinum skiptust í hópa eftir kennslugreinum. Á fundi stærðfræðikennara voru rædd skil milli skólastiga og þróun námskráa í stærðfræði. Þar bar á góma ýmislegt sem snertir stærðfræðikennslu s. s. námsefni, tilhögun námsmats, áherslur í námi, inntökupróf í framhaldsskóla, þróun kennsluefnis með tilkomu nýrrar námskrár o. fl. Fundur þessi þóttist takast vel og var upplýsandi fyrir kennara á báðum skólastigum.

Selfossi 30. maí 2014

Ólafur Bjarnason, kennslustj. í stærðfræði.

## 2.2.6 Verknám

Kennslustjóri: Svanur Ingvarsson

| <b>Nafn kennara:</b>     | <b>Áfangi/ar<br/>haustönn</b>   | <b>Áfangi/ar<br/>vorönn</b>  |
|--------------------------|---|--|
| Borgþór Helgason         | AVV202<br>AVV304<br>KÆL122<br>LAG112<br>STR302<br>STÝ102<br>VÖK102        | AVV403<br>CAD113<br>CNC103<br>STÝ202<br>VTÆ132<br>VÖK202                               |
| Ingvar Grétar Ingvarsson | HSU102<br>LSU102<br>PLV102<br>RSU102                                      | HVM103<br>MSM173<br>MSM1S3<br>MSM3S3<br>MSM4S3<br>MSM5S3<br>MÆM101<br>PLV202<br>TIG132 |
| Sigurður Grímsson        | VFR222<br>REN202<br>LSU102<br>Litla-Hraun:<br>RSU102                      | VFR322<br>REN103<br>HVM203<br>AVV102<br>ÖRF101<br>Litla-Hraun:<br>HSU102<br>LSU102     |
| Þorvaldur Guðmundsson    | EFM102<br>GÆV101<br>GÆV202<br>ITM114<br>RAF113                            | EFM201<br>EFM212<br>REN103<br>TTÖ102<br>VFR102   |
| Grímur Lúðvíksson        | RAM 303<br>RTM 202<br>TNT 102<br>TNT 303<br>VGR 103<br>VGR 302            | RTM 102<br>RTM 302<br>TNT 202<br>TNT 403<br>VGR 203<br>VGR 402                         |
| Þór Stefánsson           | RAM 103<br>STR 102<br>STR 302<br>RAL 102<br>RAL 303<br>RAT 102<br>MRM 102 | RAM 403<br>STR 203<br>STR 402<br>RAL 202<br>RAL 403<br>RAM 203<br>RÖK 102              |

|                            |        |        |
|----------------------------|--------|--------|
| Jón Sigursteinn Gunnarsson | GRT103 | TIH10A |
|                            | GRT203 | ÁGS102 |
|                            | EFG103 | ÚVH102 |
|                            | GLU104 | INK102 |
| Kristján Þórðarson         | VTG106 | VTS103 |
|                            | TRÉ173 | TRÉ173 |
|                            |        | LHÚ104 |
|                            |        | HÚB102 |
| Svanur Ingvarsson          | FRV103 | TRÉ109 |
|                            | INR106 | TRS102 |
|                            | TRÉ1S3 | TST101 |
|                            | TRÉ2S3 | TRÉ1S3 |
|                            |        | TRÉ2S3 |
|                            |        | TRÉ3S3 |
|                            | TRÉ4S3 |        |

### Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

**BH** - Áfangarnir voru flestir nýir. Það má nefna að í STY þá tókum við í notkun fullkomin tilraunaborð frá Festo. Í CNC notuðum við herma líkt og notað er til þess að þjálfa flugmenn. Við fórum og gerðum rennslismælingu fyrir virkjanaverkefnið. Við bjuggum til nothæfan vatnshrút og vindmyllu úr afgangum sem búið var að henda, það var liður í sjálfbærni. Í AVV gerðum við upp allar vélarnar í vélasalnum og komum þeim í kennsluhæft ástand. Í Cad fórum við dýpra inn í þrívíddarteiknunina og teiknuðum samsetningarmynd af vörubílnum sem smíðaður er í verknáminu. Í kælitækninni gerðum við upp kælipressuna og smíðuðum skáp svo hægt væri að nota pressuna í kennslu.

**SI** – Farið var af stað með Vélvirkjabraut og lögðu málmíðnakennarar á sig mikla vinnu við að koma henni af stað. Útsjónarsemi við að koma henni fyrir í of litlu plássi og töluverðar reddingar varðandi tækjakost og slíkt.

**ÞS** - Á haustönn kenndu ég og Borgþór Helgason saman áfangann Str 302, Borgþór einn tíma á viku og ég einn tíma. Samstarfið gekk vel.

**GL** - Starfsbrautarnemendur fengu að smíða lóðstöð eða magnara til eignar. Þetta gekk vel upp, allir kláruðu sín stykki og áhugi mikill.

Nemar voru látnir gera meira af praktískum verkefnum sem nýtast til kennslu og/eða þeim sjálfum, t.d. sett lóðstöðvar í vinnuborðin í VR og lagfært raflagnir í VR.

**JSG** - Vettvangsferðir og vinnustaðaheimsóknir- Tenging við atvinnulífið.

### Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

**BH** - Ég notaðist að mestu leyti við símat setti fyrir verkefni og mat vinnuna

**SG** - Óbreytt.

**GL** - Almennt var símat en lokapróf í RAM og RTM áföngum eins og venjulega.

**ÞS** - Símat notað í öllum áföngum nema RAM 103 og Ram 203.

**JSG** -TIH og GLU 104 voru að mestu verklegir áfangar og verkefni og frammistaða í kennslustundum lögð til grundvallar námsmati.

Lokapróf var í GRT103 og 203 ásamt mati á verkefnamöppu.

Aðrir áfangar voru bóklegir, þar sem frammistaða í kennslustundum var metin ásamt verkefnum sem nemendur unnu á önninni. Í lok annar var lagt fyrir próf/verkefni.



**KÞ** - Símat var í öllum áföngum nema VTS103 og HÚB 102 en þar var stuðst við útkomu úr verkefnum sem lögð voru fyrir og skrifleg próf.

**SI** - Símat í öllum áföngum. Hentar mjög vel í verklegum greinum.

### **Námskeið sem kennarar hafa sótt**

**BH** - Ég tók nokkra áfanga í rafvirkjun sem nýttist vel við kennslu í vélvirkjun. Einnig fór ég á námskeið í raunfærnimati og byggingarstjóranámskeið.

**SG** – Stundaði nám í FSu í þýsku 103 og dönsku 103.

**GL** - Ég var nemandi FSu í CAD, CNC og SPÆ.

**ÞS** - Ég fór á kynningar hjá heildsölum með rafvörur, Rönning Selfossi, og tvær kynningar hjá Smith og Norland Reykjavík.

**JSG** - Námskeið á vegum Fræðslunets Suðurlands um rakasperru.

### **Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu og mat á þeim**

Cnc simulator forritið virkaði mjög vel. Solid works teikniforritið er í háklassa af öllum teikniforritum enda var nemandi hjá okkur að teikna fyrir félaga sína í HR. Festo búnaðurinn er með því besta sem gerist í stýritækni.

**SG** - Vélfræði 222 e. Guðmund Einarsson (Skipsbækur á Ísafirði).

**JSG** - Sérlega vantar kennsluefni fyrir verklegar greinar. Engar nýjar kennslubækur voru teknar í notkun, en ný kennslugögn voru reglulega sótt á netið. Heimasíður fyrirtækja, framleiðenda byggingarefnis og opinberra aðila.

**SI** - Stigar- IÐNÚ. Notaði sem stoðrit, góð bók en kannski heldur mikil fyrir nemendur til að kaupa fyrir ekki stærri áfanga sem er að mestu verklegur.

### **Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs**

**BH** - Tilaga mín er að skipa deildarstjóra yfir vélvirkjadeildinni sem mundi fá á.k.v. fjármagn yfir önnina sem væri hlutfall af nemendafjölda. Ef það kæmi þannig út að afgangur yrði þá væri hann nýttur til tækjakaupa.

**SG** - Legg áherslu á að haldið verði áfram með Vélvirkjabraut. Það er ekki gott til afspurnar fyrir skólann ef þessi braut leggst af eftir aðeins eins árs starfssemi, því nemendur sem búnir voru að skrá sig á brautina fara þá annað. Það er mikilvægt að skapa traust á að námið sé í boði reglulega, því öðruvísi verður aðsókn ekki viðunandi.

**JSG** - Farið verði varlega í niðurskurð kennslustunda í verklegum greinum. Reynt sé eins og kostur er að verklegir áfangar myndi samfellu í stundarskrá. Reynt verði eftir fremsta megni að skilja að grt103 og grt203. Að blanda saman þessum áföngum kemur niður á þeirri þjónustu sem kennari getur innt af hendi við nemendur.

**SI** - Keyra með sama sniði en halda áfram undirbúningi að innleiðingu á nýsmíðaðri braut.

### **Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir**

**BH** - Það mætti gera lítilsháttar úrbætur á verðlaunaafhendingu við útskrift þ.e. hafa ein verðlaun fyrir rafvirkja ein fyrir smiðinn og ein fyrir vélvirkjana í staðinn fyrir ein verðlaun úr Hamri.

**SG** - Drífa áfram nýja Hamar.

**GL** - Nýtt verknámshús takk!

**JSG** - Tekjur af sölu sumarhúss verð látnar renna til deildarinnar í formi tækja, námsefnis eða annars sem nemendum kemur til góða.

Iðnnám verði kynnt sem valkostur fyrir þá sem hyggja á frekara nám í verkfræði/tæknigreinum.

Skólinn styðji við og heimili fleiri vettvangsferðir í fyrirtæki.

**SI** - Vísa í væntanlega nýbyggingu og þær úrbætur sem henni fylgja.

### **Annað**

**GL** -Verkfall kennara í mars/apríl sleit vorönnina í sundur og skaðaði nám.

**PS** - Farnar voru þrjár ferðir í vetur með nemendum. Auk okkar voru nemendur og kennarar úr málm- og starfsdeild. Við skoðuðum Búrfellsvirkjun og Búðarhálsvirkjun.

2 ferðir með nemendum í RAL 202 annars vegar og nemendum í RAL 403 hins vegar í vettvangsferðir að Hótel Grímsborgum í Grímsnesi. Þar stóð yfir bygging hótels. Við vorum að kynna okkur hvernig raflagnir eru lagðar í timburhús.

Í fyrsta skipti sendum við nemendum á Íslandsmót iðn- og verkgreina úr grunndeild rafiðna og kepptu þeir í rafvirkjun. Nemendurnir sem fóru voru Anton Þór Ólafsson og Erlendur Ágúst Stefánsson. Þeir stóðu sig báðir mjög vel og voru skólanum til sóma. Þetta var líka lærdómsríkt fyrir mig sem kennara að vera með þeim á mótsstað. Keppnin var í þrjá daga.

Grímur fór með þeim fyrsta og þriðja daginn en ég dag númer tvö.

Deildin fékk nokkrar góðar gjafir á skólaárinu. Þrýstirofa og þrýstidimma frá Rönning Selfossi, Dyrasíma frá Smith og Norland og PLC iðntölvu og hraðastýringu fyrir rafmótora frá Ískraft Selfossi.

**KÞ** - Ég vil þakka öllu samstarfsfólki mínu fyrir samstarfið, sérstaklega vil ég þakka samstarfsmönnum í Hamri.

**SI** - Vann töluvert að endursmíði á Húsasmíðabraut með skólunum á Akranesi og Suðurnesjum.

**Kennarar í Hamri þakka fyrir sig !**